





Menningarmiðstöð Hornafjarðar Ársskýrsla 2019





Kynning	1
Atvinnu- og menningarmálanefnd	2
Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins	4
Stefnumótun Menningarmiðstöðvarinnar	5
Öryggishandbók	6
Móttökuáætlun	6
Stöðugildi og starfsmenn	6
Húsnæði Menningarmiðstöðvarinnar	6
Stofnbúnaður og skrifstofur	7
Styrkir	8
Verkefni Menningarmiðstöðvarinnar	8
Veggurinn	13
Gallerý Nýheimar	14
Samstarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar	15
Söfn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar	16
Listasafn Svavars Guðnasonar	16
Starfsemi	16
Safnkostur	16
Söfnunarstefna	16
Safnauki, rannsóknir og skráning	17
Húsnæði, gestafjöldi og opnunartímar	17
Sýningarhald	18
Aðalsalur	19
Fremrarými	20
Markaðsetningar, merkingar og samfélagsmiðlar	21
Skólahópar, fyrirlestrar, móttökur og leiðsagnir	21
Önnur verkefni	22
Samantekt	24
Byggðasafn Austur- Skaftafellssýslu	25
Starfsemi	25
Námskeið	25
Skráning	26
Sýningar safnsins	26
Verkefni	27
Geymsluskrá	27



Rannsóknarsvið	28
Starfsemi	28
Sundurliðun verkefna árið 2019	28
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	31
Starfsemi	31
Viðbrögð við eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands.....	31
Eftirlit og ráðgjöf	32
Fyrirspurnir vegna safnkosts	32
Fundir og námskeið	33
Skjalaskráning	33
Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu	33
Bókasafn Austur- Skaftafellssýslu	34
Starfsemi	34
Sýningar og samkomur.....	35
Verkefni.....	36
Lokaorð	38
Viðauki I.....	39
Móttökuáætlun.....	39
Viðauki II.....	42
Niðurstöður Íbúafundar	42
Viðauki III.....	48
Umfjöllun á starfsemi.....	48
Viðauki IV	50
Fjárhagur	50
Viðauki V	53
Viðauki við samning	53



Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Ritstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Texti: Eyrún Helga Ævarsdóttir
Hanna Dís Whithead
Halldóra Jónsdóttir
Halldór Steingrímsson
Gísli Magnússon
Sigríður Guðný Björgvinsdóttir

Myndir: Starfsmenn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Útgefandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Litlabrú 2, 780 Höfn í Hornafirði
Sími: 4708050
Útgáfa: Apríl 2020



Kynning

Stofnunin heitir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og starfsvæðið hennar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Stofnunin varð til árið 1990 með sameiningu nokkurra safna. Heiti stofnunarinnar var upphaflega Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu en breyttist árið 2001 í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Menningarmiðstöð Hornafjarðar starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum, bókasafnslögum, lögum um opinber skjalasöfn og siðareglum ICOM. Einnig starfar stofnunin eftir siðareglum og viðmiðum sem höfuðsöfn setja um starfsemi safna, varðveislu og meðferð muna.

Innan Menningarmiðstöðvarinnar eru sex safnaeiningar ásamt rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar. Safnaeiningarnar eru byggða-, sjóminja og náttúrugripasafn, listasafn-, bókasafn og héraðsskjalasafn.

Innan Menningarmiðstöðvarinnar eru sjö stöðugildi, fjórar þeirra eru 100% stöður og þrjár 50% stöður.

Sýningar á vegum safnanna eru mikilvægur þáttur í safnastarfinu. Hér leggjum við áherslu á sérstöðu Hornafjarðar og því samfélagi sem var og er. Í dag eru opnar sýningar í Verbúð í Miklagarði, í Listasafni, í Gömlubúð og yfir sumarmánuði á Nýrtorgi í Nýheimum. Unnið er að því að efla sýningarstarf í sveitarfélaginu.

Menningarmiðstöðin leggur mesta áherslu á miðlun og fræðslu menningararfs Hornafjarðar, skrásetningu hans og varðveislu til framtíðar. Einnig verður æ ríkari áhersla lögð á rannsóknarstarf og ekki síst miðlun þess starfs til almennings sem og þátttöku barna og unglinga á þeim vettvangi. Önnur meginmarkmið Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er að hlúa að því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélaginu og viðurkenna menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins. Efla vitund fólks um sérkenni og menningararf héraðsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu, kynningu og beinum aðgerðum.





Atvinnu- og menningarmálanefnd

Árið 2019 sameinuðust tvær nefndir: Atvinnumálanefnd og Menningarmálanefnd. Fulltrúar þeirra voru eftirfarandi:

Menningarmálanefnd:

Aðalmenn:

- Kristján Sigurður Guðnason, formaður (B)
- Hólmfríður Þrúðmarsdóttir, varaformaður (B)
- Guðrún Sigfinnsdóttir (B)
- Guðbjörg Lára Sigurðardóttir (D)
- Sigrún Sigurgeirsdóttir (E)

Varamenn:

- Steinunn Hödd Harðardóttir (B)
- Nejra Mesetovic (B)
- Björn Arnarson (B)
- Bryndís Björk Hólmarsdóttir (D)

Atvinnumálanefnd:

Aðalmen:

- Erla Þórhallsdóttir, formaður (B)
- Erla Rún Guðmundsdóttir, varaformaður (B)
- Bjarni Ólafur Stefánsson (B)
- Jörgína E. Jónsdóttir (D)
- Sigurður Einar Sigurðsson (E)

Varamenn:

- Guðmundur Gunnarsson (B)
- Kolbrún Reynisdóttir (B)
- Stefán Stefánsson (B)
- Herdís Ingólfssdóttir Waage (D)
- Hlíf Gylfadóttir (E)

Eftir sameininguna voru eftirfarandi nefndarmenn kjörnir til setu í Atvinnu- og menningarmálanefnd:



Atvinnu og menningarmálanefnd:

Aðalmenn:

- Kristján Sigurður Guðnason, formaður (B)
- Hólmfríður Þrúðmarsdóttir, varaformaður (B)
- Bjarni Ólafur Stefánsson (B)
- Páll Róbert Matthíasson
- Sigrún Sigurgeirsdóttir (E)

Varamenn:

- Guðrún Sigfinnsdóttir (B)
- Steinunn Hödd Harðardóttir (B)
- Guðmundur Gunnarsson (B)
- Bryndís Björk Hólmarsdóttir (D)
- Sigurður Einar Sigurðsson (E)

Þakkar Menningarmiðstöð frjótt og gott samstarf með fyrrum nefndarmönnum og óskar þeim alls hins besta.



Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar er einnig í stjórn Nýheima sem gjaldkeri og í stjórn Þórbergssseturs.



Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins

Menningarmálanefnd hélt 11 fundi á árinu og starfaði einnig með öðrum nefndum í samvinnuverkefnum. Menningarmálanefnd lauk við stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins árið 2016 og gildir hún til ársins 2026. Í henni er eftirfarandi lagt til grundvallar:

- Að efla menningarstarf í sveitarfélaginu Hornafirði.
- Varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins.
- Styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
- Styðja við menningarstarfsemi einstaklinga og frjálsra félaga.
- Bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.
- Hlúa að þjónustuhlutverki og menningarstarfsemi Menningarmiðstöðvar.
- Hvetja til samstarfs á sviði menningarmála.
- Styðja við starfsemi listamanna í sveitarfélaginu.
- Styðja við og efla fjölmenningu innan sveitarfélagsins.
- Eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir sveitarfélagsins.
- Vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Sveitarfélagið

Hornafjörður eigi áfram hlut að samningi við ráðuneyti málaflokksins og Sveitarfélaga á Suðurlandi.

- Félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt menningarstarf.



Stefnumótun Menningarmiðstöðvarinnar

Starfsstefna Menningarmiðstöðvarinnar var unnin 2018 til endurskoðunar 2022. Stefnt er að því að endurskoða hana 2020. Nú þegar hafa flest verk í stefnunni verið unnin og einhver sett á bið.

Stefnumótun:

- Sýningaraðstaða, tryggja framtíðar húsnæði Bygðasafns.
- Geymslur, afhending Álaleiru, aðstaða löguð og nýtt til sýninga.
- Forvarsla á gripum/verkum Menningarmiðstöðvarinnar.
- Sarpur (skráning) auka aðgengi að safnakosti Menningarmiðstöðvar á netinu.
- Bæta við starfsprósentu á Menningarmiðstöð, 100% starfshlutfall.
- Aðstaða skjalasafnsins löguð.
- Merkja Svavarssafn.
- Persónuvernd og skjalavistun útfærð.
- Starf héraðsskjalavarðar leiðrétt.
- Öryggismál yfirfarin og öryggisstöðlum fylgt.

Verk í forgangi:

- Sýningaraðstaða, tryggja framtíðarhúsnæði Bygðasafns.
- Geymslur, afhending Álaleiru, aðstaða lagfærð.
- Forvarsla á gripum/verkum Menningarmiðstöðvarinnar.
- Starf héraðsskjalavarðar leiðrétt

Unnin verk

- Enn hefur ekki tekist að tryggja sýningaraðstöðu fyrir muni bygðasafnsins en leyfi hefur fengist til að setja upp sýningar í Gömlubúð.
- Unnið var að hönnun geymslna í Álaleiru.
- Mikið hefur verið unnið í skráningu á árinu og gengur skráningarvinna vel.
- Breytt hefur verið starfsprósentu á milli deilda MMH.
- Aðstaða Skjalasafnsins er orðin góð og hefur lesaðstöðu verið bætt við og aðgengi að safninu bætt.
- Svavarssafn hefur verið merkt.
- Persónu og skjalavistunaráætlun er komin langt á veg og starf héraðsskjalavarðar hefur verið leiðrétt.
- Unnin hefur verið öryggisáætlun fyrir stofnunina og linkur á áætlunina er í viðauka I
- Unnið er að fá forvörð til stofnunarinnar til að meta verk Listasafnsins.
- Fjármunir hafa verið tryggðir í lagfæringu Miklagarðs.



Öryggishandbók

Öryggishandbók er verkefni sem forstöðumaður hefur unnið að undanfarið ár og þar gefur að líta öll helstu öryggismál stofnunarinnar. Handbókin lýsir helstu starfsþáttum umsjónarmanna bygginga og búnaðar í húsnæði Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Henni er ætlað að vera vinnugagn þeirra í starfi og kennslugagn fyrir nýja starfsmenn. Ábyrgð og umsjón bókarinnar er í höndum forstöðumanns.

Efni handbókarinnar skiptist þannig:

Almenn líýsing: Inniheldur m.a. lýsingu á starfssviði umsjónarmanna bygginga og búnaðar. Einnig fylgir lýsing á aðegni að byggingum, aðstöðu, eftirlitsferðum og þjálfun.

Tæknilegar upplýsingar: Fjallar um byggingar Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og helstu kerfi, þann tækjabúnað sem þar er fyrir og viðbrögð við boðum frá honum, svo sem brunaviðvörðun- og öryggiskerfi.

Viðbrags- og neyðaráætlanir: Í þessum hluta er farið yfir lýsingu á æskilegum viðbrögðum við bilunum og við ýmis komar hættuástandi og björgun muna.

Viðaukar: Innihalda ýmsar upplýsingar svo sem gátlista, upplýsingar um skyndihjálp og starfslýsingar.

Öryggishandbókina má nálgast hér:

https://mmh.hornafjordur.is/media/uncategorized/Oryggishandbok-MMH-1.0.20_1583419068715.pdf

Móttökuáætlun

Ný móttökuáætlun var unnin á árinu og sett í framkvæmd. Vel gekk að taka á móti nýjum starfsmönnum og hjálpaði það til að vera með áætlunina í þeirri vegferð. Verklagsreglur áætlunarinnar eru til að tryggja vönduð vinnubrögð við móttöku nýrra starfsmanna stofnunarinnar. Áætlunin auðveldar nýjum starfsmanni aðlögun að nýju starfi og hjálpar til að hefja farsælan starfsferil hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Verklagi þessu sem lýst er hér ber að viðhafa í hvert sinn sem starfsmaður hefur störf hjá stofnuninni.

Sjá viðauka I

Stöðugildi og starfsmenn

Stöðugildi Menningarmiðstöðvarinnar eru nú fimm og hálf og urðu umtalsverðar starfsmanna- og stöðugildis breytingar á árinu. Ósk Sigurjónsdóttir lét af störfum sem Byggðasafnsvörður í 100% vinnu og í hennar stað var ráðinn Halldór Steingrímsson í 50% stöðu. Á listasafni tók Hanna Dís Whithead aftur til starfa eftir fæðingarorlof. Þá lét Þórgunnur Þórsdóttir af störfum á listasafninu en hún var ráðin tímabundið í stað Hönnu Dísar. Irene Hrafnan var ráðin í 50% starfshlutfall hjá stofnunninni á árinu og Guðný Svavarsdóttir lét af störfum á bókasafninu eftir áralangan starfsferil hjá sveitarfélaginu. Í afleysingum á Bókasafninu var Þórður Sævar Jónsson þar til Gísli Magnússon tók við starfinu. Halldóra Jónsdóttir er starfandi héraðskjalavörður og Sigríður Guðný Björgevinsdóttir vinnur við fornleifaskráningu á rannsóknarsviði.

Húsnæði Menningarmiðstöðvarinnar.

Aðstaða Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er ágæt þegar litið er til skrifstofupláss en við breytingar í starfsmannamálum hefur stofnuni þurft að fá úthlutaða eina skrifstofu til afnota. Vöntun er á geymsluaðstöðu og þá er sama í hvaða horn er litið nema á byggðasafninu, þar hefur safnið verið með aðstöðu í Álaleiru. Á árinu hófst vinna við hönnun frekari geymslna í Álaleiru svo nægjanlegt geymslurými verður fyrir aðföng Menningarmiðstöðvarinnar. Stækkun á geymsluplássi í Álaleiru er vel þegin viðbót við geymslurými stofnunarinnar. Í dag þarf að uppfæra öryggis-, bruna- og þjófavarnarkerfi, ásamt þörf á kaupum á raka- og ljósmælum fyrir geymslur safnanna. Stefnt er að því á nýju ári.



Héraðsskjalasafnið er með aðstöðu í Nýheimum og er það ein lokuð og læst skjalageymsla. Geymslan er nú þegar full en þörf er á að taka til og fjarlægja hluti sem ekki eiga að vera þar. Frumpakka og endurpakka þarf talsverðu magni af skjölum, bæta við einum hillurekka og koma upp fleiri hillum fyrir kort. Þannig losnar geymslurými en búast má við að það rými sem myndast við tiltekt í skjalageymslunni fyllist fljótt.

Engin vinnuaðstaða er til að taka á móti stærri afhendingum skjala og vinnuaðstaða við þökkun og skráningu takmarkast við skrifborð skjalavarðar. Engin aðstaða er til að taka á móti illa förnum skjölum, svo sem af ryki, raka eða myglu, en þesskonar skjöl þarf að meðhöndla í vel loftræstu rými. Ekki er mögulegt fyrir skjalavörð að vinna með trúnaðargögn án þess að þau liggi fyrir allra augum en komin er fjárveiting fyrir uppsetningu á vegg sem mun skilja að vinnuaðstöðu héraðsskjalavarðar og annara starfsmanna MMH. Um leið verður mögulegt að stöðva umferð almennings inn á vinnusvæði héraðsskjalavarðar þegar unnið er með trúnaðarskjöl og viðkvæm gögn. Lesaðstöðu fyrir gesti safnsins er ábótavant en gestir þurfa að sitja við borð á Bókasafni með skjöl skjalasafnsins. Þessi aðstaða er alls ekki ásættanleg í ljósi þess að um trúnaðargögn getur verið að ræða.

Stofnbúnaður og skrifstofur

Keypt hafa verið ný skrifborð, skjáir og stólar undanfarin ár, einnig hafa verið keyptir hljóðeinangrandi veggir og borðum endurraðað. Eru starfsmenn ánægðir með breytingarnar. Starfsmaður Rannsóknarsviðs fluttist í nýja skrifstofu á háskólaganginum og hefur það reynst vel. Augljóst er að mikil vöntun er á aðstöðu og geymsluplássi fyrir stafsemi Menningarmiðstöðvarinnar. Árið 2019 var hafist handa við hönnun geymslurýmis og vinnuaðstöðu í Álaleiru sem mun verða mikil bót fyrir innra starf stofnunarinnar.



Styrkir

Áætlaður rekstrarstyrkur MMH á árinu var 3.600.000 samkvæmt samningi við SASS vegna Sóknaráætlunar Suðurlands 2015-19. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað í ár að hækka framlagið um 1,4 m.kr. þannig að samtals varð styrkurinn 5.000.000. á yfirstandandi ári. Í viðauka V má sjá undirritaðan viðauka við samstarfssamninginn og bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

SASS

- Furðufiskur í grennd (vinnuheiti) 120.000 kr.
- Í andertakinu (vinnutitill) 450.000 kr.
- Höskuldur Björnsson 400.000 kr.
- Rithöfundakvöld MMH 200.000 kr.

Skinney Þinganes

Rithöfundakvöld: 60.000 kr.

Flugfélagið Ernir

Rithöfundakvöld: 300.000 kr.

Fallastakkur

Rútuferðir með barnastarf

Safnasjóður

- Rekstrarstyrkur: 800.000 kr.
- Stafræn miðlun í Sarp: 700.000 kr.
- Hönnun Álaleiru: 800.000.kr
- Farskóli 2019: 300.000 kr.

Þjóðskjalasafn

- Rekstrarstyrkur: 927.000 kr.

Sérstakar þakkir eru færðar þeim sem stutt hafa við starf Menningarmiðstöðvarinnar

Verkefni Menningarmiðstöðvarinnar

Rússnesk kvikmyndavika

Rússnesk kvikmyndavika á vegum rússneska sendiráðsins á Íslandi var haldin hátíðleg á Hornafirði og þar voru sýndar spennandi myndir sendiráðsins:

Myndin *ELEPHANTS CAN PLAY FOOTBALL*, einnig var sýnd myndin *Íslandsferðin* sem er 25 mínútna heimildarmynd um Ísland.

Heimasíða

Ný heimasíða Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar var opnuð almenningi formlega 25. október 2019. Þar gefur að líta allar helstu upplýsingar um Menningarmiðstöðina, sýningar, viðburði og verkefni starfsfólks:

<https://mmh.hornafjordur.is/>



Jólahátíð

Hin árlega jólahátíð var haldin af Menningarmiðstöð Hornafjarðar 30. nóvember s.l. og var hún einstaklega vel sótt. Bókasafnið var skreytt hátt og lágt og jóland sett upp þar sem börn og fullornir gátu komið og lesið jólabækur og skemmt sér í ný uppsettu barnahorni. Á hátíðinni bauð Nemendafélag FAS uppá kaffihúsastemmingu í Nýheimum. Bíó var í fyrirlestrasal með jólateiknimyndum fyrir yngstu kynslóðina, boðið var upp á tónlistaratriði nemenda Tónskóla Hornafjarðar, leikskóla börn Sjónarhóls sungu lög fyrir gesti, börnum og fullornum var boðið að föndra á bókasafninu en þar var búið að jólaskeyta allt safnið. Jólasveinarnir litu við í Nýheimum og glöddu yngstu kynslóðina. Við lok hátíðarinnar voru ljósin tendruð á bæjarjólatriðinu við undirspil Lúðrasveitar Hornafjarðar.



Ljósmynd: EHÆ



Ljósmynd: EHÆ



Ljósmynd: EHÆ

Menningarverðlaun og styrkir 2019

Menningarverðlaun hafa verið veitt frá árinu 1994 og í ár voru fjórir einstaklingar tilnefndir til verðlaunanna. Fram kom í ræðu Hólmfríðar Bryndísar Þrúðmarsdóttur varaformanns menningarnefndar, að helsta markmið Menningarmálanefndar væri að hvetja til öflugs menningarstarfs í samstarfi við íbúa sveitarfélagsins. Að þessu sinni hlaut Eva Bjarnadóttir verðlaunin fyrir óeigingjarnt starf í þágu menningar í Örfæum.

Síðan Eva settist að á Fagurhólsmýri hefur Gamla sláturhúsið gengið í gengum endurnýjun lífdaga. Í ágúst síðastliðnum var vinnustofa hennar opnuð við hátíðlega athöfn. Í tilefni af því var efnt til allsherjar listaveislu. Þar voru m.a. sýndir gamlir munir frá tímum slátrunar og sundmagavinnslu, lesnar upp vísnaðjur milli Þorsteins Jóhannssonar í Svínafelli og Halldóru Magnúsdóttur, sem vann í afurðasölu S.Í.S, og haldnir tónleikar svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess hefur Eva verið boðin og búin að leiðsegja gestum og gangandi um Sláturhúsið og leiða í gegnum sögu þess. Enn fremur hefur hún verið aðal driffjöðurin í bókakynningu Ungmennafélags Örfæa.



Úthlutunarreglur menningarstyrkja

Úthlutunarreglur Menningarmálanefndar voru samþykktar 09.11.2017 og verður unnið út frá þeim við úthlutun styrkja Menningarmálanefndar hér eftir þar til annað er ákveðið.

Úthlutunarreglur menningarstyrkja eru eftirfarandi:

- Auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar ár hvert.
- Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem vistað er á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.hornafjordur.is> undir stjórnsýsla. Henni skulu fylgja ársreikningar félagasamtaka og kostnaðaráætlun verkefnis.
- Verkefnastyrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið menningarmálanefndar.
- Menningarmálanefnd lítur sérstaklega til þeirra sem sýna í umsókn sinni fram á að um verkefni er að ræða sem ekki hefur komið til framkvæmda áður í sýslunni.
- Styrkir vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrir en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði.
- Menningarmálanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur menningarmálanefnd falið forstöðumanni að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir og verkáætlun.

Alls bárust tíu umsóknir um menningarstyrki 2018 en þeir eru veittir félagasamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Hólmfríðar að með þessum styrkjum vilji nefndin hvetja og styrkja félagasamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar. Menningarmálanefnd lagði til eftirfarandi ráðstöfun á þeim 2.600.000 kr. sem hún hafði til ráðstöfunar til umsækjanda og var það staðfest.

- Gleðigjafir 300.000 kr.
- Blús og rokkklúbbur 500.000 kr.
- Hornfirski skemmtifélagið 300.000 kr.
- Karlakórinn Jökull 300.000 kr.
- Kvennakór Hornafjarðar 300.000 kr.
- Leikfélag Hornafjarðar 200.000 kr.
- Lúðrasveit Hornafjarðar 150.000 kr.
- Samkór Hornafjarðar 300.000 kr.
- Foreldrafélag Hornafjarðar 150.000 kr.
- Flón 100.000 kr.



Ljósm: EHÆ



Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2019

Hefð er fyrir því að Menningarmiðstöð Hornafjarðar standi fyrir fræðslu og skemmtiferðum fyrir börn frá sjö ára aldri. Í sumar var þar engin breyting á og voru farnar 10 ferðir. Ferðirnar tókust allar mjög vel og vorum við mjög heppin með veður í sumar. Börnin stóðu sig öll með þrýði og hafa greinilegan áhuga á umhverfi sínu. Í barnastarfi sumarsins skoðuðum við nærumhverfið og fræddumst um náttúruna, fórum í bátsferð út í Mikley, heimsóttum Flatey og Papós. Björn G. Arnarson fór með börnin út í Ósland og sagði þeim frá lífríkinu og lífsháttum fugla og tókst honum að gera alla mjög áhugasama. Steinunn Hödd starfsmaður Vatnajökulspjóðgarðs fór með okkur í ferð um Þjóðgarðinn og sýndi áhugasömum börnum lífríkið í nágrenni Haukafells. Farið var inn að Hólmi í Laxárdal að skoða minjar. Lúruveiðin með Jóni Þorbirni var vinsæl að vanda og voru farnar 2 ferðir þann daginn. Ágætis afli var í ferðunum. Óvissuferðin tókst mjög vel þar sem farið var í Haukafell þar gæddu börnin sér á pylsum og svala. Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í ferðunum og öllum þeim sem lögðu lið. Svona starf getur ekki gengið nema með velvilja samfélagsins og hans njótum við svo sannarlega.



Sérstakar þakkir fá: Fallastakkur ehf., starfsmenn Flateyjar, Björn Arnarson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Jón Þorbjörn Ágústsson, starfsmenn Hafnarinnar og bílstjórar.

Ferðir sumarsins:

- Ósland
- Hólmur í Laxárdal
- Mikley
- Gleyphuhraun
- Haukafell
- Lúra
- Náttúrustígurinn
- Papós
- Flatey
- Óvissuferð



Ljósni: EHÆ





Föstudagshádeggi

Árið 2019 voru haldnir 27 hádegisfyrirlestrar í Nýheimum og umfjöllunarefnið var af ýmsum toga. Voru fyrirlestrarnir vel sóttir að vanda.

- Skapandi menningartengd ferðaþjónusta – FAS nemar
- Leiksýning - FAS og Leikfélag Hornafjarðar
- Rýnt í ljóðabækur - Soffí Auður Brigisdóttir
- Mennignarmiðstöð - Ævi og störf Guðjóns R. Sigurðssonar
- Leikþáttur - Leikhópur Grunnskóla Hornafjarðar
- Mennigarmiðstöð – hornfirski hesturinn
- FAS nemar – Danska verkefnið
- Háskólasetrið - samfélagsleg og menningarleg áhrif ferðaþjónustu
- Sveinur Isheim Tummason - Hulduþjóð í Norðurhöfum
- Soffí Auður Birgisdóttir og Þórður Sævar Jónsson- Úrvalsrit meðgönguljóða
- Rannís - Styrkjakynningar
- María Viktoría - Kakó tónheilun og hóphugleiðsla
- Björn G. Arnarsson - Ferðasaga til Ísraels
- Hanna Dís Whitehead - Kynnir hönnun sína
- Háskólasetrið - Sjónrænar rannsóknir á hopi jökla
- Menningarmiðstöð - Ný heimasíða
- Soffía Auður Birgisdóttir - Bókakynning
- Unnur Birna Karlsdóttir - Bókakynning
- Matthildur Ásmundardóttir - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir komandi ár.
- Guðmundur H. Gunnarsson og Vöruhúsið - Mikilvægi nýsköpunar í sjávarútvegi .



Ljósni: HS



Ljósni: HS

Framtíð Miklagarðs

Íbúafundur um framtíð Miklagarðs var haldinn 8.maí 2019 og var fundurinn vel sóttur. Þar var farið yfir sögu Miklagarðs og skýrslur sem unnar hafa verið um ástand og framtíð Miklagarðs. Haldinn var þjóðfundur þar sem SVOT greining var gerð og framtíðarsýn þróuð af þátttakendum. Samantekt má sjá í viðauka 3.



Veggurinn

Guðrún Ingólfssdóttir - Fuglar

Listamaðurinn Gingó (Guðrún Ingólfssdóttir) sýndi ný verk víðsvegar um Höfn 2019.

Tilurð þessarar sýningar var líf fuglanna og hvernig þeir minna okkur á breytileika lífsins og náttúrunnar. Sumir koma og fara og við köllum þá farfugla. Aðrir eru bara alltaf á svæðinu, staðfuglarnir okkar. Myndmál sýningarinnar er því hreyfanleikinn eins og hann birtist í lífi fuglsins. Sýningin ferðaðist á milli og hafði stuttan stans á hverjum stað, rétt eins og krían sem sest á stein eða þröstur á grein. Myndin er samt áfram til staðar í huga okkar og minnir á sig rétt eins og fuglinn, en samt komin á nýjan stað.

Sýningin kom aðvífandi og hafði fyrstu viðkomu 4. maí á Veggnum í Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Mark Falchini- Deep purple

Marc Fulchini sýnd klippimyndir á sýningu sinni Deep purple á "Veggnum" og opnaði sýningin 24. október.

Þegar þú flysjar burt gagnsæju lögin sem að umlykja kjarna þinn birtist nýr djúp fjólublár litur. Hinn eitt sinn mjúki og ljós fjólublái tónn sem að birtist samfélaginu út á við verður sterkari með hverju laginu sem flett er burtu. Í örvæntingafullri leit þinni að sannleikanum týnir þú af þér lag fyrir lag þangað til að þú ferð að nálgast viðkvæman en jafnframt

íburðarmikinn kjarnann. Þegar þú loks fellir síðustu blöðin og umfaðmar dökka litinn, er það ekki bara tímaspursmál hvenær ný lög taka að myndast? Ný lög sem hlaðast upp dekkri og ógagnsærri, því tíminn er hvass og kjarnann þarf að verja. Svo að lokum verður hinn ný afhjúpaði kjarni klæddur þéttru drapplituðu hlífðarlagi.



Jólafondur

Á jólahátíð sveitarfélagsins var boðið upp á fondur og var afrakstur þess hengdur upp á vegginn og úr varð mjög flott sýning af jólaskrauti og hinum ýmsu fígúrum.



Gallery Nýheimar

Frá mótun til muna

Sýningin „Frá mótun til muna“ var opnuð 26.maí. Að henni stóðu níu leirlistarmenn víðsvegar að af landinu. Hópurinn ákvað að miðla áhugaverðri þekkingu um fjölbreytileika þessarar listgreinar til almennings og gera sýninguna að farandsýningu. Auk verka eftir listamennina, sem öll voru unnin sérstaklega fyrir sýninguna, má segja að kjarni hennar sé heimildarmyndin – Raku frá mótun til muna. Myndin var tekin upp og unnin haustið 2017 þegar Handverk og hugvit undir Hamri í Hveragerði fékk kennarann og listamanninn Anders Fredholm frá Svíþjóð til að halda vinnustofu um byggingu á viðarbrennslu-rakuofni og aðrar frumstæðar leirbrennslur við opinn eld. Út frá námskeiðinu hjá Anders Fredholm myndaðist sterkur hópur af kjarnakonum sem kalla sig Brennuvarga.

Sýnendur voru:

Bjarnheiður Jóhannsdóttir

Guðbjörg Björnsdóttir

Hólmfríður Arngrímsdóttir

Hrönn Waltersdóttir

Ingibjörg Klemenzdóttir

Katrín V. Karlsdóttir

Ólöf Sæmundsdóttir

Steinunn Aldís Helgadóttir

Þórdís Sigfúsdóttir.



Mynd:lán

Furðufiskar

Menningarmiðstöð og Náttúrustofa Suðausturlands opnuðu í sameiningu sýninguna Furðufiskar 5.júlí í blíðskaparveðri. Þar gaf að líta fiska sem eru í eigu Byggðasafnsins og geymdir þar í etanóli til varveislu. Hér gefur að líta fulltrúa frá fiskbúð Gunnhildar með fiskum sem voru til sýnis fyrir utan við Nýheima og einn af gripum sýningarinnar.



Ljós: natts.is



Ljós: EHE



Samstarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Í ár átti Menningarmiðstöðin í samstarfi við ýmsar stofnanir um fjöldann allan af verkefnum.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Tinna Ottesen og Gosie Vervloessem.

Hvernig er staður á bragðið? Getur matur verið ógeðslegur vegna þess að innihald hans stendur fyrir eitthvað sem þér líkar ekki? Er ennþá hætt á því að enda í helvíti ef borðað er hrossakjöt?

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssetur.

Gagnaöflun, hjónin í Dilksnesi.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Halldór Ásgrímsson.

Ferð til eldjöklanna (verður gerð frekari skil í kafla Listasafns).

Menningarmiðstöð Hornafjarar, Rauði krossinn, fjölmennigarfulltrúi sveitarfélagsins og Grunnskóli Hornafjarðar.

Námsaðstoð, á staðnum var kennari frá grunnskólanum og sjálfbóðaliðar frá Rauða krossinum ásamt verkefnastjóra fjölmenningar. Markmiðið var að styrkja og styðja nemendur í námi.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Leikhópin Lotta.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur stutt við komu Leikhópsins Lottu og styrkt sýningar leikhópsins.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Vatnajökulspjóðgarður.

Uppsetning sýninga byggðasafnsins í Gestastofu Þjóðgarðsins á Höfn.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Náttúrustofa Suðausturlands.

Sýningin Furðufiskar í grend.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Arndís Ósk Magnúsdóttir, Hlíf Gylfadóttir, Tess Rivarola og Amnesty International.

Lifandi bókasafn, Humar Library.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Nemendafélag FAS.

Jólahátíð Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Humarhátíð.

Listasmiðja og sýningar.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Ólafur B Schram.

Bókakynning.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Rússneska sendiráðið.

Kvikmyndasýning.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Fallastakkur ehf.

Barnastarf.



Söfn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Listasafn Svavars Guðnasonar



Starfsemi

Listasafn Svavars Guðnasonar, Svavarssafn á Hornafirði var opnað við hátíðlega athöfn 24. júní 2011. Safnið er staðsett í Ráðhúsi Hornafjarðar og opnunarýningin var á verkum Svavars Guðnasonar. Sveitarfélagið hafði þá nýverið fengið verk Svavars að gjöf frá ekkju hans, Ástu Eiríksdóttur.

Listasafnið starfar eftir stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og gildandi lögum um starfsemi safna og safnalögum. Einnig fylgir það lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Hlutverk Listasafns er að safna listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á austur-skaftfellska list. Annað meginhlutverk Listasafns er að skrá og varðveita verk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Listaverk skulu að staðaldri vera til sýnis í sem flestum stofnunum sveitarfélagsins. Auk þess efnir safnið til sérstakra sýninga á verkum úr safneign sinni og/eða frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum í sölum safnsins og öðrum sýningarrýmum innan bæjarfélagsins.

Safnkostur

Safneign er grunnforsenda þess að safn geti starfað. Kjarni safneignar Listasafns Svavars Guðnasonar samanstendur að mestu af verkum Svavars Guðnasonar og annarra hornfirskra málara. Safnaukinn 2019 samanstóð af 1 verki og er safneignin nú orðin um 551.

Söfnunarstefna

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar og safnvörður listasafnsins taka ákvarðanir í samræmi við stefnu safnsins um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Allir gripir skulu skráðir í viðurkennda safnskrá og skal safnskráin vera aðgengileg almenningi. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.



Safnauki, rannsóknir og skráning

Safnauki

Eitt verk bættist formlega í safneignina í ár. Var það verk eftir Höskuld Björnsson af fornum munum.

Rannsóknir

Safnið sér um að skrá og halda til haga upplýsingum um listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Safnið rannsakar og stuðlar að rannsóknum á listiðkun í sýslunni, með sérstakri áherslu á list Svavars Guðnasonar en safnið skráir, miðlar og varðveitir upplýsingar um öll verk Svavars og listferil hans.

Skráning

Safnið vinnur með skráningarforritið FileMaker. Jafnframt eru verk skráð í excel-skjal og handskrifuð í skráningarbók. Um haustið 2019 hófst skráning á verkum eftir Höskuld Björnsson. Um 35 myndir eftir Höskuld hafa verið skráðar. Haldið verður áfram með skráningu á verkunum.

Sarpurinn

Á árinu hefur verið til umræðu að færa skráningu safnsins yfir á Sarpinn, en Menningarmiðstöðin borgar fyrir aðgang þar nú þegar. Með því að fara á Sarpinn er hægt að yfirfara safnkostinn, ljósmynda verk upp á nýtt, en nauðsynlegt er að uppfæra ljósmyndir í skráningu. Á Sarpnum er alltaf hægt að nálgast safneignina á netinu og gætu því bæjarbúar flett í gegnum hana og séð menningararf okkar. Í dag er safnskráin ekki opin almenningi. Safnið hlaut styrk frá Safnaráði árið 2019 til að hefja skráninguna.

Rannsóknir

Safnið fékk niðurstöðu og tillögu um úrbætur úr úttekt sem Safnaráð gerði á geymslum og sýningarsal safnsins. Listasafnið skilaði skýrslu viðurkenndra safna til safnaráðs 2018, en samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 er safnaráði falið að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna. Safnið gerði ítarlega úttekt á húsakosti safnsins, bæði geymslum og sýningarrýmum, varðveislu verka og öryggismálum, skráningu verka, aðgengi að safnkosti og sýningum. Safnvörður fylgist öllu jafnan með safnkosti með það að leiðarljósi að hamla gegn hrörnun verka og kemur þeim í viðgerð ef nauðsyn ber til. Ýmsar breytingar þarf að ráðast í og var sótt um styrk í framhaldinu hjá Safnaráði um fyrstu úrbætur. Beðið er niðurstöðu.

Húsnæði, gestafjöldi og opnunartímar

Listasafn Svavars Guðnasonar er í eigu Sveitarfélagsins Hornafjörður og heyrir undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Heimili þess er á Hornafirði og er staðsett í Ráðhúsi Hornafjarðar. Inngangur inn í aðalsalinn er frá Ráðhúsinu en þar en einnig að finna Ástustofu. Lítil salur er í anddyri Ráðhússins, sem er jafnframt kallað fremra rými safnsins. Listaverkageymslur safnsins eru í Ráðhúsi Hornafjarðar. Skrifstofa listasafnsins er í Nýheimum. Pökkunarrými og vinnurými er ekki til. Enginn starfsmaður vinnur á safninu sjálfu, en gestamóttaka er gífurlega mikilvægur þáttur í öllu safnastarfi. Móttaka Ráðhússins hefur tekið að sér að opna og loka safninu.

Gestafjöldi

Árið 2017 var settur upp nýr safngestateljari og eru tölur eftir hverja sýningu í aðalsalnum teknar niður. Mestur fjöldi gesta sækir safnið á opnunum, viðburðum, móttökum og í skipulögðum skólaheimsóknum. Enginn aðgangseyrir er að safninu.



Sýningarhald

Sýningarstefna

Safnið vinnur að því að listaverk séu að staðaldri til sýnis í sem flestum opinberum stofnunum og skrifstofum sveitarfélagsins, auk þess að efna til sérstakra sýninga í aðalsal safnsins, sem og fremra rými þess. Safnið stendur fyrir sýningum á verkum úr safneign og sýningum frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum. Í aðalsal Svavarssafns er gert er ráð fyrir því að yfir sumartímann sé Svavarssýning þar sem draga þarf fram ólíka þætti í list Svavars, ólík skeið og ekki síður þá hugmyndavinnu sem lá að baki hverju skeiði. Yfir haustmánuðina eru settar upp fræðslusýningar, bæði fyrir almenning, en ekki síður grunn- og framhaldskóla á svæðinu. Á vorin er athyglinni beint að heimabyggð og listamönnum svæðisins. Allar sýningar í aðalsal safnsins voru færðar fram í árið með því markmiði að skólahópar gætu sótt þær allar eins til að kynna heimamenn af vorsýningu fyrir ferðamönnum.

Sýningar ársins

Sýningahald er viðamikill liður í starfsemi safnsins. Listasafnið hefur fast sýningarými í Listasafni Svavars Guðnasonar en aðstoðaði einnig við sýningar í öðrum rýmum bæjarfélagsins. Settar voru upp 3 sýningar í aðalsal listasafnsins en 4 sýningar voru í fremra rými safnsins. Starfsmenn safnsins aðstoðuðu einnig við uppsetningu og skipulagi á sýningunni frá Mótun til muna í Gallerý Nýheimum og sáu um að hanna og aðstoða við uppsetningu á þremur sýningum á vegum Byggðarsafnsins tveimur í Gömlu búð og einni í Gallerý Nýheimum. Þar að auki veitti safnið ráðleggingar og kom að skipulagi á tveimur sýningum á sýningarveggnum á bókasafninu. Alls setti safnið því upp og aðstoðaði við 13 sýningar árið 2019. Föst sýning er í Ástustofu og í Ráðhúsi Hornafjarðar.

13. desember: Tími jöklanna- Fremra rými

25. Janúar : Guðjón R. Sigurðsson – Tálgað undir hömrum / Aðalsalur

23. Febrúar : Safnað í Sarpinn – Ljósmyndir úr safneign Byggðarsafns / Fremra rými

02. Júní : Svavar Guðnason og Hildur Steinþórsdóttir & Rúna Thors - Orkuhreyfingin / Aðalsalur og Fremri salur

6. Nóvember : Samsýning – Í landslagi / Aðalsalur

6. Nóvember: Efnasmiðjan – Óværa eða ábati / Fremra rými



Ljósmynd: ÞÞ



Aðalsalur

Guðjón R. Sigurðsson

Þann 25. Janúar opnaði sýning á verkum eftir Guðjón [Runólfsson] Sigurðsson sem fæddist á Hömrum í Mýrarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Tvítugur að aldri flutti hann til Kanada og bjó þar í um 40 ár. Þar átti hann langtímum saman heima í bjálkakofum fjarri byggð með veiðifélögum, eða einn með hundum sínum. Guðjón lærði ýmis tungumál og mynda skrif hans og ljósmyndir frá þessum tíma yfirgripsmikla og fjölbreytta ferðasögu þar sem hann reisir m.a. turn fyrir lyftubúnað í gullnámu, innréttar kirkju, veiðir úlfa, gaupur og bísamrottur, siglir um höf og vingast við frumbyggja Norður-Ameríku.

Fegurð heimahaganna dró hann þó aftur til Íslands og í kringum 1960 flutti hann til frændfólks síns á Höfn í Hornafirði og fór að vinna við trésmíðar. Árið 1973 fluttist hann búferlum frá Höfn að Fagurhólsmýri í Örfæum, en þar undir hömrunum kom hann fyrir litlu húsi sem hann átti heima í allt til æviloka.

Í Örfæunum unni hann sér löngum við að tálga og smíða hina ýmsu muni, en viðarstytur sem hann skar út og gaf kunningjum sínum, eða seldi ferðamönnum í Kaupfélagi Austur-Skaftafellinga í Örfæum urðu vinsælar meðal listunnenda - og í dag prýða stytur hans heimili og söfn víðsvegar um landið og tilheyra tvímælalaust sögu myndlistar á Íslandi. Sýningin stóð frá 25.01.2019 – 24.05.2019. Sýningastjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.

Orkuhreyfingin

Á sýningunni voru verk eftir Svavar Guðnason, Hildi Steinþórsdóttur og Rúnu Thors. Svavar Guðnason talaði um hlutverk náttúrunnar í verkum sínum, hrynjandina í landslaginu, víðáttuna og hreyfinguna - orkuhreyfinguna. Í samtali listamannanna var þessi hreyfing ýfð upp, rannsökuð, skoðuð og sett í sterkt samhengi við uppsprettuna -náttúruna. Verkin mynduðu tengingar við fjöllin, ísinn og ljósið. Sýningin stóð frá 02.06.2019- 24.10.2019.

Sýningastjóri: Hanna Dís Whitehead.

Í landslagi

Landslag mótast af þeim náttúrulegu og manngerðu fyrirbærum sem þar eru sýnileg. Það er samspil jarðfræðilegra fyrirbrigða sem og samlífi við dýr og menn. Landslag varpar fram mynd af því lífi sem á sér stað og hefur átt sér stað, og getur jafnvel gefið okkur vísbendingar um það sem getur orðið. Ystu lög landslags mótast af ólíkri menningu og staðháttum hverju sinni. Landslag sem þurrkast út og gleymist eða verður varanlegur hluti af framtíðarmynd landsins. Í landslagi birtist maðurinn og tilraunir hans til að móta og búa í náttúrunni, dýrin sem þar dvelja, trúin á yfirnáttúrlegar verur, auk sýnistöku úr framtíðarsköpunarsögu jarðar.



Ljósm: ók

Verk á sýningunni: Ásgrímur Jónsson (verk úr einkasafni), Efnasmiðjan; Elín Sigríður Harðardóttir og Inga Kristín Guðlaugsdóttir, Einar Þorsteinn Ásgeirsson (að láni frá Hönnunarsafni Íslands), Guðmundur Einarsson (verk úr einkasafni), Jón Þorleifsson, Sara Björg Bjarnadóttir, Svavar Guðnason, Sigurður Einarsson og Thomas Pausz. Auk lánsmuna frá Byggðasafni Austur-Skaftafellssýslu og Birni Arnarsyni. Sýningin stóð frá 06.11.2019- 06.03.2020

Sýningastjóri: Hanna Dís Whitehead.



Fremrarými

Tími jöklanna

Þann 16. Desember 2018 opnaði sýningin *Tími Jöklanna* á málverkum Stefaníu Ragnarsdóttur. Stefanía hefur lengi heillast af jöklum og umgengist þá í frítíma sínum og störfum sínum sem landvörður og jöklaleiðsögumaður. Í jöklamyndum sínum skoðar hún náíð hreyfingar jöklanna, sem og fjölbreyttar birtingarmyndir þeirra. Óteljandi bláir litir og form breytast í sífellu, skriðjöklar mjakast áfram undan eigin þunga og jökulhlaup brjótast fram á ógnarhraða. Með abstrakt-málverkum leitast hún við að túlka þessa ótæmandi uppsprettu forma og lita sem búa í jöklunum - og gerir um leið tilraun við að frysta tíma jöklanna á striga. Sýningin stóð til 16. febrúar 2019. Sýningarstjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.

Safnað í Sarpinn

Skráningar-ljósmyndir úr aðfangasafni Byggðasafnsins. Prentaðar voru myndir úr skráningu Byggðarsafnsins settar í ramma og haldin sýning. Um leið var kynnt fyrir gestum menningarsögulega gagnasafnið Sarpur. Sýningin stóð frá 23. febrúar til 25.maí. Sýningastjóri var Þórgunnur Þórsdóttir.

Orkuhreyfingin

Sýningin í aðalasalnum náði alla leið í fremra bilið. Á sýningunni voru verk eftir Svavar Guðnason, Hildi Steinþórsdóttur og Rúnu Thors. Svavar Guðnason talaði um hlutverk náttúrunnar í verkum sínum, hrynjandina í landslaginu, víðáttuna og hreyfinguna - orkuhreyfinguna. Í samtali listamannanna var þessi hreyfing ýfð upp, rannsökuð, skoðuð og sett í sterkt samhengi við uppsprettuna -náttúruna. Verkin mynduðu tengingar við fjöllin, ísinn og ljósið. Vatnið flæðir og gefur steypu og litum líf. Sýningin stóð frá 2.júní til 26.október. Sýningastjóri: Hanna Dís Whitehead.

Óværa eða ábati

Í fremri salnum mátti sjá verk eftir Efnasmiðjuna sem samanstendur af þeim Elínu Sigríði Harðardóttur sem er fædd og uppalinn á Höfn og Ingu Kristínu Guðlaugsdóttur.

Sýningin „Óværa eða ábati“ er angi af verkefni þeirra Lúpínar í nýju ljósi sem átti upptök sín í Listaháskólanum þar sem Inga hóf að gera tilraunir með notkun lúpínu sem hráefnis.

Þær hafa haldið áfram með þessar tilraunir og þá aðalega einbeitt sér af því að athuga möguleika hennar sem hráefni í umhverfisvænt trefjaefni sem gæti nýst sem byggingarefni. Á sýningunni velta þær fyrir sér plöntunni í samfélagslegu samhengi. Hún hefur verið notuð til uppgræðslu á örfoka landi frá því á síðustu öld, en varð öflugri en búist var við. Á seinni árum hefur hún verið flokkuð sem ágeng tegund og því gerð að óværu í íslensku landslagi. Andstæðingar hennar kjósa jafnvel auðn yfir lúpínubreiðurnar sem slá lit sínum á landið. Þær horfa einnig á sauðkindina sem umdeilda- sumir telja hana valda gróðureyðingu og uppfoki á hálendinu á meðan aðrir telja hana nauðsynlega til að viðhalda beit og næra jarðvegin.

Verkefnið fékk Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands árið 2018.



Markaðsetningar, merkingar og samfélagsmiðlar

Merkingar á Listasafn

Hannaðar voru nýjar merkingar fyrir safnið. Lagt var til seglmerking aftan á og framan á húsið með hverri sýningu fyrir sig sem myndu sjást frá Nettó og rútustæði. Auk þess að bæta við nafni safnsins og merkingu Hafnarbrautar megin á húsið og breyta texta á neyðarútgangi til að vísa í aðalinngang. Þar að auki að setja upp fána. Safnvörður sá um að vinna og hanna tillögu að merkingum. Þær tillögur voru svo útfærðar í samvinnu við arkitekta og skiltagerðamann.

Samfélagsmiðlar

Á vef Hornafjarðar má finna viðburði á vegum listasafnsins. Á undirsíðu Hornafjarðarvefsins má finna upplýsingar um Menningarmiðstöð Hornafjarðar og þar er hægt að nálgast upplýsingar um starfsemi og sögu listasafnsins. Einnig hefur Menningarmiðstöð Hornafjarðar fengi nýja vefsíðu þar sem listasafnið getur sett inn upplýsingar um sýningar og störf safnsins: mmh.hornafjordur.is/listasafn.

Safnið hefur óskað eftir að fá að vinna og hanna nýja heimsíðu fyrir Listasafn Svavars Guðnasonar til að stuðla að frekari markaðsetningu, heimildarsöfnun og fræðslu. Ótækt er að vera með heimasíðu Svavarssafn undir bæjarléninu þar sem það hentar afar illa upp á að markaðsetja safnið.

Facebook

Listasafnið notar Facebook markvisst til að koma viðburðum og starfsemi sinni á framfæri. Þar eru settar inn tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni, myndir af viðburðum og fólk hvatt til að heimsækja safnið og mæta á þá viðburði sem eru í boði hverju sinni. Listasafnið á 203 aðdáendur á facebook.

Instagram

Árið 2018 stofnaði safnið Instagram reikninginn @svavarsafn. Reikningurinn er tengdur facebook-síðu safnsins og stuðlar að frekari miðlun og kynningu á starfsemi safnsins. Listasafnið á 242 aðdáendur á instagram.

Prentun

Listasafnið gefur út sýningarskrár fyrir hverja sýningu sem sett er upp á vegum safnsins. Í öllum skránum var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og verkum hans/þeirra. Allur texti er ávallt þýddur yfir á ensku, nema þegar markhópur er annar. Boðskort voru prentuð fyrir hverja sýningu og send í öll hús í sveitarfélaginu. Plaköt voru prentuð í tengslum við allar sýningar. Safnvörður tók að sér grafík nokkurra sýninga en leggur upp úr því að vinna með mismunandi gráfískum hönnuðum.

Skólahópar, fyrirlestrar, móttökur og leiðsagnir

Skólahópar

Safnið og starfsemi þess eru reglulega kynnt nemendum í skólum í samráði við skólayfirvöld á Hornafirði. Í ár komu um 100 börn á safnið í skipulögðum heimsóknnum.

Fyrirlestrar

Í ár var einn fyrirlestur á vegum safnsins í föstudagshádegi Nýheima.

Þórgunnur Þórsdóttir, safnvörður Listasafns Svavars Guðnasonar og Þórður Sævar Jónsson, bókavörður á Bókasafni Hornafjarðar, ræddu ævi og störf lífslistamannsins Guðjóns R. Sigurðssonar.

Móttökur

Aðalsalur Listasafnsins er gjarnan notaður fyrir móttökur gesta og hópa sem eru í heimsókn á svæðinu oft á vegum Sveitarfélagsins. Safnvörður safnsins er öllu jafnan viðstaddur móttökuna og heldur þar tölu um safnið og starfsemi þess hverju sinni.



Leiðsagnir

Safnsvörður safnsins veitti leiðsagnir um sýningar safnsins þegar óskað var eftir því. Leiðsögn er liður í tengslum við miðlunarhluta sýninganna.

Söfnun heimilda

Heimildaröflun fylgir öllum sýningum safnsins. Upplýsingum um hvern einasta listamann sem þar sýnir er safnað saman og þær skráðar, s.s. æviágrip, menntun og yfirlit yfir aðrar sýningar. Öll verk á sýningum er skráð með heitum, stærð, hvenær unnin, úr hvaða efni, eigandi o.fl. sem nauðsynlegt þykir að fylgi hverju verki. Heimildarvinnu um hornfirski myndlist og myndlistarmenn er fram haldið og nýjar upplýsingar koma fram á hverju ári.

Önnur verkefni

Listasmiðjur

Listasmiðjur eru skipulagðar af safnverði safnsins og er tilraun til kynna fyrir börnum safnið og að þeim finnist þau vera velkomin þangað. Reynt er að láta smiðjurnar tengjast störfum Svavars Guðnasonar en einnig þeim sýningum sem standa í aðalsalnum hverju sinni. Markmið er að kynna börnum mismunandi aðferðir við listsköpun, gefa þeim tækifæri á að tjá sig í gegnum sköpun en einnig að fræða börnin um Svavar og safnið og hjálpa þeim að skilja verk hans í gegnum leik. Listasmiðjurnar eru ætlaðar börnum á aldrinum 3-12 ára en ætlast var til að yngstu börnin mættu í fylgd með fullorðnum. Þátttaka var öllum að kostnaðarlausu.

Hneggjandi listasmiðjur

Börnin skoðuðu hestasýninguna Nána framtíð og fræddust um sýninguna Hestafeld sem innblástur fyrir hugmyndir og listaverk. Unnið var með lím, tússpenna og garn til að líkja eftir hrossahúð.

Þátttaka var öllum að kostnaðarlausu. Þórgunnur Þórsdóttir, starfsmaður safnsins, leiddi smiðjuna og var afrakstur hennar til sýnis í glugga listasafnsins.

Spýtukarlar – Guðjón R. Sigurðsson

Listasmiðja fyrir börn og unglinga í vetrarfríi. Mánudaginn 18. febrúar var föndrað í listasalnum í Svavarssafni frá kl. 13-15. Unnið var með viðarbúta, lím og málningu. Spýtukarlar Guðjóns R. Sigurðssonar voru skoðaðir sem innblástur og var þátttaka var öllum að kostnaðarlausu.

Þórgunnur Þórsdóttir safnsvörður leiddi smiðjuna.

Teiknistund á safnadaginn - Guðjón R. Sigurðsson


Í tilefni af Safnadeginum 18.maí var Svavarssafnið með teiknismiðju. Allir ungir sem aldnir voru velkomnir að koma og leika sér að teikna stytturnar hans Guðjóns.

Hanna Dís Whitehead safnsvörður leiddi smiðjuna.

Listasmiðja á humarhátíð – Orkuhreyfingin

Á Humarhátíð var listasmiðja í Svavarssafni að venju. Að þessu sinni var hún í tengslum við sumarsýninguna Orkuhreyfingin Svavar Guðnason, Hildur Steinþórsdóttir og Rúna Thors. Krakkarnir unnu á safninu að sameiginlegu listaverki með blandaðari aðferð út frá hreyfingu sem var í framhaldinu til sýnis í stóra glugganum á bókasafninu í sumar.

Ljósm:bb



Leirsmiðja á Humarhátíð – Frá mótun til muna

Leiðsögn listamanna sem áttu verk á sýningunni "Frá mótun til muna" í Nýheimum. Á sama tíma var leirsmiðja fyrir börnin undir leiðsögn Hönnu Dísar Whitehead safnverði Svavarssafns.



Listasmiðjur – Orkuhreyfingin - Grunnskólinn

Safnið bauð nemendum Hafnarskóla að koma á sýninguna Orkuhreyfingin, fá leiðsögn og í kjölfarið taka þátt í listasmiðju. Vel var tekið í boðið og komu um hundrað börn úr yngri árgöngum skólans í heimsókn.

Tónleikar

Árlega, á afmælisdegi Svavars Guðnasonar listamálara (18. nóvember) reynir safnið að bjóða gestum sínum upp á tónveislu á safninu. Í ár voru þó engir tónleikar.

Halldór Ásgeirsson, Ferð til eldjöklanna

Starfsmaður listasafnsins sér um, fyrir hönd Menningarmiðstöðvarinnar, samskipti við listamenn. Í ár kom listamaðurinn Halldór Ásgeirsson til Hornafjarðar og setti upp myndfána og sýningu í Miklagarði.

Listviðburðurinn stóð yfir frá Húmarhátíð og fram á haust. Safnið var honum til halds og trausts við undirbúning viðburðarins. Ferð til eldjöklanna „snýst um náttúrukrafta Vatnajökuls í samtali við sögu, menningu og umhverfi sveitarinnar við rætur jökulsins.

Gallery Nýheimar

Safnvörður safnsins kom að stofnun Gallery Nýheima árið 2018, samstarfsverkefni Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og Menningarmiðstöðvar, en nauðsynlegt þykir að á Höfn séu önnur sýningarrými en eingöngu listasafnið. Safnvörður Svavarssafns skipaði sess í þriggja manna sýningarnefnd áður en hann óskaði eftir því að forstöðumaður Menningarmiðstöðvar tæki sæti í nefndinni í hans stað. Svavarssafn hefur gefið út að þegar komið að uppsetningu sýninga muni safnið lána verkfæri og hjálpa til við uppsetningar.

Byggðasafn

Starfsmaður listasafnsins veitti Byggðasafninu faglega ráðgjöf við uppsetningu á þremur sýningum, annars vegar sýningu í Gallery Nýheimum og hins vegar tveimur sýningum í Gömlubúð.

Bókasafn

Af og til leysir starfsmaður listasafnsins bókaörf af. Starfsmenn tóku þátt í að skreyta fyrir aðventuhátíð sveitarfélagsins auk þess sem þeir sáu um að skipuleggja og leiða listasmiðju á viðburðinum.

Héraðskjalasafn

Listasafnið, í samvinnu við Héraðskjalasafnið, reynir að fara á nokkra mánaða fresti með gamlar ljósmyndir frá svæðinu á myndlykli á Elli- og hjúkrunarheimilið á Höfn. Safnið hefur einnig boðið aðstoð við að prenta út valdar ljósmyndir og hengja upp.

Barnastarf

Á sumrin fer ávallt mikill tími í barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar - fræðsluferðir fyrir börn þar sem náttúra og umhverfi er skoðað einu sinni í viku - og tekur starfsmaður listasafnsins virkan þátt í því ásamt öðrum starfsmönnum Menningarmiðstöðvarinnar.



Samantekt

- Listasafn Svavars Guðnasonar er eina listasafn sýslunnar. Næstu listasöfn eru að finna í Hveragerði og í Eyjafirði.
- Listasafnið er eina opna safnið á vegum bæjarins fyrir utan Skreiðaskemmu sem er fyrirhugað að loka og Verbúð Byggðasafnsins.
- Safnaukinn 2019 samanstóð formlega af einu verki og er safneignin nú orðin um 551. Ljóst er að þröngt er orðið um verkin í listaverkageymslum eftir að fjöldamörg verk eftir Sigurð Einarsson bættust þar við á síðasta ári.
- 7 sýningar voru settar upp á vegum safnsins, 3 í aðalsalnum og 4 í fremra rými safnsins.
- Listasafnið heldur úti facebook-síðu og instagram reikningi og hefur óskað eftir því að halda út sinni eigin vefsíðu.
- Listasafnið stýrði 5 listasmiðjum á vegum safnsins og var afrakstur þeirra ávallt til sýnis. Smiðjurnar voru vel sóttar.
- Fjölmargir skólahópar heimsóttu safnið. Að þessu sinni var öllum skólahópum boðið upp á listasmiðju og leiðsögn sem mæltist vel fyrir.

Listasafn Svavars Guðnasonar heyrir undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og forstöðumaður hennar er Eyrún Helga Ævarsdóttir. Safnvörður listasafnsins, Hanna Dís Whitehead kom úr fæðingarorlofi í apríl og tók þar með aftur við safninu af Þórgunni Þórsdóttur. Tveir starfsmenn starfa við safnið í hálfu stöðugildi. Starfsemi safnsins var með hefðbundnum hætti árið 2019 og mörg áhugaverð verkefni unnin. Listasafnið er eina listasafnið í sýnum landsfjórðungi, en næstu listasöfn eru í Hveragerði og í Eyjafirði. Safnið hefur því ýmsum skyldum að gegna í menningarlífi svæðisins, og ekki síst í sambandi við menningaruppeldi ungu kynslóðarinnar. Hópar á vegum leikskólans, grunnskólans og framhaldskólans voru duglegir við að koma í heimsókn og nýta sér leiðsögn sýningarstjóra. Safnið hélt úti reglulegum listasmiðjum fyrir börn þar sem markmið er að kynna börnum fyrir mismunandi aðferðum við listsköpun, gefa þeim tækifæri á að tjá sig í gegnum sköpun en einnig að fræða börnin um Svavar og safnið og hjálpa þeim að skilja verk hans í gegnum leik. Smiðjurnar voru vel sóttar.

Safnið setti upp 7 sýningar á árinu í sínu safni en auk þess settu starfsmenn þess upp sýningar víðsvegar í sveitarfélaginu. Safnið hefur staðið fyrir nokkurri útgáfu í tengslum við sýningar. Miðlun safnsins fer einnig fram á facebook og instagram auk annarra fréttatilkynninga sem voru sendar út. Safnið hlaut styrki frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga fyrir sýningar og Safnaráði fyrir skráningu sem gerðu það að verkum að ýmis verkefni voru viðameiri en annars hefði verið en stærsti hluti rekstrarfjárins kemur þó frá Sveitarfélaginu Hornafirði eins og verið hefur. Svavarssafn tekur þátt í að borga myndlistarmönnum fyrir sýningarhald. Safnið hefur verið merkt betur og stefnt er að því að vinna kynningarefni til að setja á upplýsingamiðstöð.



Byggðasafn Austur- Skaftafellssýslu.



Starfsemi

Sögu Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu má rekja allt til ársins 1964 þegar sýslunefnd kaus fimm manna nefnd til að vinna að undirbúningi safnsins. Byggðasafninu var svo valinn staður í Gömlubúð sem þá stóð við Sílavík.

Árið 1980 opnaði sýning Byggðasafnsins í húsinu og var Gamlabúð miðstöð starfsemi Byggðasafnsins frá þeim tíma og allt til 2012.

Byggðasafni er ætlað að safna minjum sem lýsa mannlífi héraðsins, það er heimilishaldi, félagslífi, samgöngum og atvinnuháttum, jafnt til sjávar og sveita. Áhersla er lögð á skaftfellskt efni og þá þætti sem einkennt hafa þetta byggðarlag eða gert aðstæður þess frábrugðnar aðstæðum annarra byggðarlag.

Starfsfólk Byggðasafns hefur umsjón með safnkosti náttúru- og sjóminjasafns, en hlutverk þeirra er að safna gripum sem tengjast náttúru og sjóminjum svæðisins. Einnig að vinna að náttúrurannsóknnum og umhverfisvernd í samvinnu við náttúruverndarsamtök og stofnanir, skrá muni og minjar og halda til haga upplýsingum. Náttúru og sjóminjasafni er ætlað að vernda minjar og ná fram heildstæðri mynd af náttúru og sögu sjósóknar svæðisins.

Byggða- sjó og náttúrugripasafnið starfa eftir stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Byggðasafnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs, og einnig starfar það með öðrum söfnum að Sarpi, þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um safnkostinn.

Námskeið

Nýr starfsmaður safnsins hefur ekki farið á nein námskeið á þessum stutta tíma sem hann hefur verið í starfi en hann mun fara á vinnustofu fyrir Sarpinn í febrúar 2020. Heimsótti hann geymslur Þjóðminjasafnsins í desember. Reyndist sú heimsókn mjög fróðleg og mun nýtast honum vel.



Skráning

Halldór Steingrímsson hóf störf sem safnvörður byggðarsafnsins seinni hluta ágústmánaðar 2019. Fyrsta verkefni hans var að kynna sér skráningarferli á munum í byggðarsafninu. Það tók sinn tíma að kynna sér þau og að setja upp skráningarferli sem honum fannst henta best. Mismunandi skráningarferli hafa verið í gangi og því var nokkuð flókið að finna bestu aðferðina fyrir nýjan starfsmann. Mikil vinna fór í að yfirfara gamlar skráningar og athuga hvort að skráðir munir væru örugglega að finna á sarpur.is. Skráningar fóru vel af stað í október og nóvember en hæðist á í desember til febrúar vegna annarra verkefna starfsmanns. Öll forvarsla og myndataka muna hefur farið fram í Álaleirunni en úrvinnsla mynda og skráning inn á Sarpinn hefur farið fram á Menningarmiðstöðinni. Áætlað er að internetið verði komið á í Álaleirunni í byrjun 2020. Þá verður hægt að klára allt skráningaferlið á munum í Álaleirunni.

Sýningar safnsins

Verbúð og Skreiðarskemmu voru opnar frá 9-19 í júní, júlí og ágúst, utan þess tíma eru sýningarnar opnaðar eftir samkomulagi, og liggja lykjar af þeim í Gömlubúð hjá Vatnajökulsþjóðgarði og var talað um að hafa sýningarnar opnar á góðviðrisdögum í haust og vetur. Einnig má nefna að til sýnis í Gömlubúð eru 29 lánsgrípir frá Byggðasafninu. Litlar sýningar hafa verið settar upp í Gömlubúð á árinu, hornfirski hesturinn og jólasýning.

Jólasýning

Í Gömlubúð var opnuð um miðja desember jólasýning og var henni vel tekið. Jóláaðföngum byggðarsafnsins var stillt upp í Gömlubúð og jók það mikið á jólaanda Gömlubúðar.

Hornfirski hesturinn

Hornfirski hesturinn / The Hornafjord horse



Byggðarsafn Austur-Skaftafellssýslu

Gamla búð - Höfn - Austur-Skaftafellssýsla

Sýning um uppruna hornfirska hestsins og uppruna hans var opnuð 2019 í Gömlubúð og þar var saga hornfirska kynsins yfirfarin en í texta sem unnin var fyrir sýninguna kemur meðal annars fram að:

"Hvergi á landinu voru samgöngur jafn erfiðar framan af öldinni en í Austur-Skaftafellssýslu. Þar eru mörg vötn og ströng auk þess sem saklausar smásprænur urðu fyrirvaralaust að skaðræðis fljótum. Hestarnir voru samgöngutækið sem treysta varð á og oft varð að hafa hraðann á, svo sem þegar vitja þurfti læknis. Austur-Skaftafellingum var það ljóst fyrir en öðrum að með því að koma á reglum um kynbætur hrossa og með því að banna lausagöngu ógeltra hesta myndu þeir fyrir ná fram þeim eðliskostum sem þeir vildu hafa í hrossum sínum. Lagt var kapp í að rækta þýðgeng og þolgóð hross vegna þess hve vegalengdir voru miklar. Þau þurftu að vera sterk og þola vel að bera klyfjar um langan veg úr kaupstað.

Munur vikunar

Safnvörður hefur verið að prófa sig áfram með mun vikunnar. Hugmyndin er að hafa mun vikunnar til sýnis í bókasafninu en fór þetta verkefni í biðstöðu. Stefnan er að byrja á þessu verkefni aftur þegar skráningaferlið verður komið á gott skrið. Er þetta partur í miðlun safnsins þó svo að safnið eigi ekki sýningaraðstöðu þá reynir safnvörður eftir bestu getu að miðla safnkosti safnsins til samfélagsins.



Ljós: HDW



Verkefni

Innann annarra safnaeininga má nefna að þó nokkrir dagar á árinu fóru í afleysingar á Bókasafninu, einhverjum tíma var varið í ljósmyndun. Einnig var tekið þátt í að skipuleggja sameiginlega viðburði innan MMH eins og jólastundina, öskudaginn o.fl. Einnig er rétt að nefna hér að Björn Arnarsson, fyrrverandi safnvörður Byggðasafnsins, hjálpaði nýjum safnverði við skráningar og vinnu í geymslum. Einnig tók safnvörður þátt í barnastarfi í ár, var bæði safnverði Listasafns innan handar í barnastarfinu þar en fór einnig í ferð með sumarbarnastarfi Menningarmiðstöðvarinnar um víðan völl. Safnvörður Byggðasafnsins tók þátt í uppsetningu sýninga árið 2019. Safnvörður aðstoðaði við uppsetningu á listasýningunni „Í landslagi“ sem opnaði í nóvember á þessu ári. Einnig var sett upp sýningar á vegum Byggðasafnsins í Gömlubúð. Starfsmaður aðstoðaði einnig við uppsetningu sýninga í bókasafninu.

Geymsluskrá

Geymsluskrá var unnin í fyrra og var hún mikið nýtt í skráningu muna safnsins á árinu. Þess má geta að nokkrir dagar árið 2019 fóru í það að leita í geymslunni að gripum, þegar fyrirspurnir bárust að utan frá aðilum sem vissu um gripi sem höfðu verið til á safninu og vildu frekari upplýsingar um þá.



Rannsóknarsvið



Starfsemi

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 kveða á um að skráning fornleifa skal fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt og/eða framkvæmdaleyfi veitt.

Á árinu 2019 var unnið að 10 verkefnum fyrir skipulagssvið Sveitarfélagsins Hornafjörður er öll varða skráningu minja innan deiliskipulagsreita samkvæmt skipulagstillögum. Samtals bárust 10 beiðnir frá skipulagsstjóra frá janúar til desember en einu verkefni var ólokið fyrir skipulagssviðið á áramótum 2018-2019. Fjöldi skýrsla sem skilað var til skipulagssviðs SVH og Minjastofnunar Íslands voru samtals 9 ásamt viðeigandi gagnasafni úr landupplýsingakerfi (gis-gögn). Eitt verkefni var í vinnslu á áramótum 2019-2020.

Í verkefnum ársins voru samtals 160 minjastaðir skráðir og hnitsettir, þar af 55 uppmældir nákvæmlega með Trimble GeoXH gps alstöð. Auk vettvangsferða var unnið jafnhliða að heimildaöflun fyrir hvert fyrirbyggjandi verkefni.

Minjaskráning á eyðijörðunum Odda og Heinabergi á Mýrum hófst 2018, en ekki gafst svigrúm til að halda áfram með þau verkefni á árinu eins og stefnt var að. Verkefni ársins vegna deiliskipulagsgerðar reyndust umfangsmeiri en á fyrra ári. Að auki bíða fleiri verkefni úrvinnslu sem hafin eru, m.a. skráning í Papafirði í Lóni, Felli í Suðursveit og Meðalfell í Nesjum. Vinnu við skráningu þessara jarða mun halda áfram á komandi ári.

Sundurliðun verkefna árið 2019

Minjaúttekt við Dalbraut 2, Höfn.

Úttekt vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gistiheimilið Dalbraut 2, Mjólkurstöðin. Á lóðinni stendur bygging sem reist var á árunum 1971-1973 fyrir mjólkurstöð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Mjólkurvinnsla var starfsrækt í stöðinni í rúma tvo áratugi. Lóðin Dalbraut 2 er hluti af fyrrum ræktunarlöndum Hafnarbúa, áður land jarðarinnar Hafnarness. Vettvangsvinna fór fram í lok árs 2018 og skýrslu skilað í ársbyrjun 2019. Engar fornminjar eru innan áhrifasvæðis framkvæmda.

Hellisholt á Mýrum.

Minjakönnun vegna framkvæmda til uppbyggingar ferðapjónustu í Hellisholti á bökkum Hólmsár, á um 10 ha lands. Hellisholt eru þrjú samsíða klapparholt við eystri bakka Hólmsár á Mýrum, nyrst í landi Bakka. Tveir



minjastaðir voru skráðir í vettvangskonnnun í febrúar en hvorugur er innan skipulagsreits.

Seljavellir III, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Minjakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Seljavellir er eitt af fjórum nýbýlum sem reist voru á fornu heiðar- og beitilandi Árnanes í Nesjum í Hornafirði á fyrri hluta tuttugustu aldar. Landsvæði Seljavalla liggur norðaustan við þjóðveg 1 til marka afréttar við Selmýrarhrygg í minni Laxárdals. Vettvangskonnnun í febrúar leiddi í ljós að einu minjar innan skipulagsreitsins eru leifar gamla þjóvegarins frá því um 1913.

Leiti í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda á nýrri lóð, Rósalundur í landi Leitis. Leiti er ein af fyrrum hjáleigum í landi Kálfafellsstaðar í Suðursveit og stendur sunnan undir Kálfafellsfjalli. Kálfafellsstaður er fornt býli og rekur búsetusögu sína allt aftur til sögualdar. Vettvangsskráning var gerð í mars 2019 og innan úttektarsvæðisins voru skráðir 8 minjastaðir en enginn þeirra metinn í hættu vegna framkvæmda.

Lambleiksstaðir á Mýrum, deiliskráning vegna nýs deiliskipulags.

Jörðin Lambleksstaðir er ein af fyrrum hjáleigum Einholtssjarðar og nær búsetusagan aftur til a.m.k. 14. aldar. Jörðin fór í eyði í um 50 ár snemma á 20. öld vegna ágangs Hólmásár. Ferðapjónusta er rekin að Lambleksstöðum og stefnt er að uppbyggingu hennar. Í maí 2019 var gerð minjaúttekt og samtals skráðir 11 minjastaðir og 6 þeirra metnir í hættu vegna rasks.

Birnudalur innan Staðardals, fornleifakonnnun vegna virkjanaáforma.

Deiliskipulagsreitur fyrir Birnárveikun afmarkast frá Þjóvegi 1 vestan við Staðará að Staðarhálsnum í botni Staðardals og svæðið meðfram Birná í Birnugili og Birnadal sunnan Hálsatinds. Staðardalurinn og landsvæðið norðan hans er afréttarland Kálfafellsstaðar. Á 16. öld, jafnvel fyrr, láu leiðir vermannanna af norður- og austurlandi um Staðardalinn á leið sinni yfir jökul til verstöðva við Hálsahöfn. Sagnir herma að sést hafi til gamalla götuslóða við Hálsatind. Í Örnefnaskrá eru nokkur örnefni er benda til þess að mögulega hafi verið sel í Staðardalnum, eins og Selmýri, Selsteinar og Selhólar. Umrætt fjalllendi er á náttúruminjaskrá. Fjórir minjastaðir voru skráðir í vettvangskonnnun sem fór fram í júní og júlí, en leið vermannanna á 16. öld er utan við skipulagssvæði virkjunar.

Deiliskráning í landi Dilksness, Hjarðarness og Hólaness.

Dilksnesjörðin er ein af eldri jörðum í Útnesjum, fyrrum Nesjahreppi í Hornafirði. Jörðin á sér nokkuð langa búsetusögu, a.m.k. aftur til 16. aldar. Árið 1950 var nýbýlið Hjarðarnes stofnað í landi Dilksness. Hólanes er nes sunnan þjóðveg 1 sem gengur út í víkina milli Dilksness og Lækjarness. Hólanesið er fyrrum landspilda úr landi Hóla. Úttekt á skipulagsreitnum, um 44 ha lands, var gerð í september s.l. og voru skráðir samtals 22 minjastaðir. Helmingur þeirra var metinn í hættu vegna rasks.

Fornleifaskráning í landi Breiðabólsstaðabæja í Suðursveit vegna deiliskipulags.

Breiðabólsstaður er ein af landnámsjörðum í Austur-Skaftafellssýslu, en þar bjó Hrollaugur Rögnvaldsson er nam land frá Horni að Kvía. Búsetusaga jarðarinnar spannar því rúmlega 1100 ára tímabil. Í máldögum Kálfafellsstaðakirkju í Suðursveit frá 14. öld er getið hálfkirkju að Breiðabólsstað og talið að hún hafi staðið þar fyrir víst allt fram undir 1600. Á 17.–18. öld byggðust tveir bæir út úr heimajörðinni, Breiðabólstaðagerði og Breiðabólsstaðahali. Fornleifaskráning samkvæmt staðli Minjastofnunar Íslands fór fram í ágúst og september s.l. á um 200 ha lands. Skráðir voru samtals 100 minjastaðir, bæði jarðlægar sem og horfnar minjar. Vinnu við úrvinnslu og skýrslugerð mun ljúka á árinu 2020.

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, minjakönnun vegna nýs deiliskipulags.


Í október fór fram vettvangsvinna í tengslum við nýtt deiliskipulag við Jökulsárlón innan Vatnajökulspjóðgarðs. Á Breiðamerkursandi var talin blómleg byggð á landnámsöld: „og lengi þar á eftir fagurt hérað, grösug og víða vaxin skógi með fjölmörgum bæjum. En nú er þar sandauð“, segir í lýsingu Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar á Breiðamerkursandi í ferðabók sinni frá 1772. Frá landnámi og fram yfir miðja tuttugustu öld voru



ferðir manna yfir óbrúaðar ár á Breiðamerkursandi háðar aðstæðum hverju sinni og oft á tíðum voru þær mjög erfiðar. Á sandinum runnu ekki færri en fimm jökulár og nokkrar þeirra í fleiri en einum farvegi. Innan úttektarsvæðisins voru 4 minjastaðir skráðir samkvæmt staðli Minjastofnunar Íslands, þar af tvær skráningar á horfnum húsum. Vestan Jökulsár stóðu tvö sæluhús, Nýgræðnahúsin, sem reist voru á fyrri hluta 20. aldar. Enn má sjá tóft eftir eldra húsið sem reist var 1911 en það yngra var rífið með öllu 1970. Árið 1948 var neyðarskýli reist á öldunni austan árinna sem var í notkun fram yfir 1980.

Deiliskráning í landi Hafnarness, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Hafnarnes er ein af jörðum í fyrrum Nesjahreppi í Hornafirði og var metin með betri jörðum hreppsins og mikil hlunnindajörð. Jörðin á langa búsetusögu, a.m.k. aftur til 14. aldar. Bæjarstæðið var áður suðaustan við Hafnarneshólinn (Gamlibær) en 1885 var bærinn fluttur og endurbyggður á Línnesi rétt vestar í landinu. Úttekt vegna fyrirhugaðra framkvæmda var gerð í desember, skráðir voru samtals 7 minjastaðir en engar jarðlægar minjar.



Ljósmynd: Ók



Ljósmynd: Ók



Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu



Starfsemi

Skjalasafnið starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 auk þess hafa ýmis önnur lög áhrif á starf og rekstur skjalasafnsins. Kjarnastarfsemi skjalasafnsins er móttaka skjala afhendingarskyldra aðila og einkaaðila, skráning á skjölum og aðgengi að þeim, eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu á sveitarstjórnarstigi og að lokum miðlun á skjölum er varða sögu héraðsins og þjóðarinnar.

Héraðsskjalasafnið er stjórnsýslu-, þjónustu- og menningarstofnun og mikilvægt að tryggja að sveitarfélagið og almenningur geti með einföldum hætti nýtt sér þjónustu skjalasafnsins. Aðgengi að skjölum er fyrst og fremst tryggt með skráningu þeirra en einnig er mögulegt að gera ákveðin skjöl eða skjalaflokka aðgengileg á vefsíðu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, skjalasafni og veita þannig þægilegra aðgengi að þeim.

Viðbrögð við eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands

Í lok desember 2018 gaf Þjóðskjalasafn út skýrslur sem unnar voru úr eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafna 2017, en spurningar eftirlitskönnunarinnar voru um starfsemi safnanna árið 2016. Þjóðskjalasafn Íslands krafði rekstraraðila héraðsskjalasafna um tímasettar úrbótaáætlanir fyrir 30. október 2019. Héraðsskjalaverði var falið að vinna slíka áætlun fyrir hönd rekstraraðila Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu og skila til Þjóðskjalasafns.

Færa má rök fyrir því að Þjóðskjalasafn hafi gengið hart fram í þessu máli og gert meiri kröfur til héraðskjalasafna en lög gera ráð fyrir.

Hafa ber í huga að ný reglugerð fyrir héraðsskjalasöfn hefur ekki tekið gildi og að reglugerð um Þjóðskjalasafn er frá því árið 1916. Þá er þarft að benda á að ríkisframlag til safnanna hefur ekki hækkað í samræmi við þær auknu kröfur sem settar voru á þau með löggjöf frá 2014.



Eftirlit og ráðgjöf

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu hefur á árinu unnið að bættum verkferlum og vinnulýsingum varðandi eftirlit og ráðgjafarhlutverk safnsins og átt gott samstarf við fjögur önnur héraðsskjalasöfn við þá vinnu meðal annars.

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, Héraðsskjalasafn Akraness, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Kópavogs og Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar undirrituðu samstarfssamning sín á milli þann 6. mars. Starfsfólk þessara skjalasafna hafði á árinu 2018 unnið mikið saman vegna innleiðingar á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og hafði sú samvinna stutt vel við þá faglegu vinnu sem unnin var á hverju safni fyrir sig.

Formgerð þessarar samvinnu með undirritun samstarfssamnings var hvoru tveggja í senn traustsyfirlýsing og staðfesting á þeirri staðreynd að þessi skjalasöfn standa fyrir vikið sterkar að vígi faglega. Eitt af meginmarkmiðum samstarfssamningsins er að skapa traustari grundvöll fyrir enn frekari samvinnu þessara skjalasafna á sviði langtíma vörslu rafræna skjala. Þarna er sérstaklega horft til vinnu vegna tilkynninga og samþykkinga á rafrænum skjalavörslukerfum, tilkynningu rafræna skráa og gagnagrunna og uppsetningu á verkstæði til móttöku rafræna skjala. Samningurinn nær enn fremur til eftirlits- og ráðgjafarhlutverks skjalasafnanna gagnvart stofnunum sveitarfélaga í umdæmi þeirra. Ætlunin er að styrkja getu þessara opinberu skjalasafna til að takast á við þau margvíslegu verkefni sem tengjast rafrænni stjórnsýslu, skjalavörslu og með hvaða hætti framkvæmd þessara mála er best fyrir komið.

Í samningunum er einnig horft til siðareglna Alþjóðaskjalaráðsins ICA, áreiðanleika skjala og milliliðalausa sönnunarfærslu í því sambandi. Þá opnast möguleikar á enn frekara samstarfi s.s. vegna söfnunar á upplýsingum frá afhendingarskyldum aðilum, úrvinnslu slíkra upplýsinga, gerð kostnaðar- og áhættumats svo dæmi séu tekin. Engar fjárhagslegar skuldbindingar tengjast samningi þessum.

Sú vinna sem starfsfólk þessara fimm héraðsskjalasafna réðst í hefur þegar haft breytingar í för með sér varðandi nálgun og framkvæmd eftirlits svo eitthvað sé nefnt og ljóst er að skjalasöfnin standa sterkar að vígi faglega en áður.

Héraðsskjalasafnið hefur einnig átt gott samstarf við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins en hann hefur meðal annars séð um innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar og aðstoðað forstöðumenn stofnana við gerð vinnsluskráa.



Starfsmenn Héraðsskjalasafna á samstarfsfundi á Höfn

Mynd HJ



Starfsmenn opinberraskjalasafna

Mynd HJ

Fyrirspurnir vegna safnkosts

Héraðsskjalavörður svarar margskonar fyrirspurnum frá einstaklingum, opinberum stofnunum og félagasamtökum sem leita upplýsinga í safnkostinum. Fyrirspurnirnar eru mismunandi að umfangi, stundum er einfalt að fletta upplýsingum upp en oft eru beiðnirnar flóknari og krefjast meiri vinnu. Skráðar fyrirspurnir vegna safnkosts árið 2019 voru 33 en vert er að geta þess að upplýsingasöfnun vegna fyrirspurna, afhendinga og annara erinda á skjalasafnið hófst fyrir fáum árum og er enn í þróun. Mest er leitað eftir ljósmyndum og upplýsingum í einkaskjalasöfnum, í opinberum gögnum eru það helst gerðabækur hreppsnefnda og sýslunefndar.



Fundir og námskeið

Á árinu útskrifaðist héraðsskjalavörður með viðbótardiplóma í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum skipulagsheilda frá Háskóla Íslands. Önnur námskeið voru meðal annars í skilvirkri tímastjórnun og innleiðingu breyttrar persónuverndarlöggjafar hjá hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum. Samstarfssöfnin fimm fengu kynningu hjá Þjóðskjalasafni Íslands þar sem farið var yfir tilkynningar afhendingarskyldra aðila á rafrænum gagnakerfum og samþykktir á þeim.

Vorfundur opinberra skjalasafna var haldinn í Þjóðskjalasafni 4.-5. apríl undir yfirskriftinni *Hvernig eflum við opinber skjalasöfn?* Meðal annars var rætt um hlutverk samráðshóps, söfnun einkaskjalasafna, skjalastjórn hreppsstjóra og hreppsnefnda og rannsóknir hjá opinberum skjalasöfnum. Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs ÞÍ. fjallaði um markmið eftirlitskönnunar með héraðsskjalasöfnum. Úrbótaáætlanir héraðsskjalasafna og frumkvæðisskylda opinberra skjalasafna voru rædd og benti Þorsteinn Tryggvi Másson á að vandséð er að það sé hlutverk héraðsskjalasafna að hafa frumkvæði að því að afhendingarskyldir aðilar fari eftir lögum og reglum með tilliti til þess að ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn er fyrst og síðast á ábyrgð forstöðumanna stofnanna. Rætt var um eftirlit og sjálfstæði opinberra skjalasafna og á fundinum kom fram gagnrýni af hendi héraðsskjalavarda á eftirlitsskýrslu um héraðsskjalasöfn.

Skjalaskráning

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu hefur unnið að bættum verkferlum og vinnulýsingum varðandi skjalaskráningu safnsins. Skjalaskráning er nú gerð í samræmi við staðla alþjóða skjalaráðsins ICA, þ.e. ISAD-G og ISAAR. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar og upplýsinga um skjalamyndara og er unnið að því að allar skjalaskrár og greinagerðir verði aðgengilegar fyrir gesti skjalasafnsins. Unnið var að skráningu afhendinga sem ekki rötuðu inn í afhendingabók á sýnum tíma og voru ekki skráðar í geymsluskrá. Þessar afhendingar hljóta afhendingarnúmerið 1019 fyrir það sem skráð er 2019, svo fá þær afhendingarnúmerið 1020 sem skráðar verða 2020 og svo koll af kolli.

Afhendingar til Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu á árinu 2019 voru 14 talsins og eru 1,12 hillumetrar.

Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu

2019/1 Torfi Steinþórsson (1.4.1915 - 17.4.2001), Hala í Suðursveit. 0,08 hillumetrar. Súsanna Torfadóttir afhenti.

2019/2 Guðmundur Jónsson (26.1.1924), Höfn. 0,08 hillumetrar. Svava Kristbjörg Guðmundsdóttir afhenti.

2019/3 Þorabróltsnefnd Hafnarbúa, Höfn. 0,24 hillumetrar. Björn G. Arnarson afhenti.

2019/4 Álfgeir Gíslason. 0,03 hillumetrar. Álfgeir Gíslason afhenti.

2019/5 Heimaþjónustudeild, Sveitarfélagið Hornafjörður. 0,16 hillumetrar. Jörgína Jónsdóttir og Kolbrún Reynisdóttir afhentu.

2019/6 Benedikt Einarsson (08.02.1875 - 12.6.1964), Dilksnesi í Nesjum. 0,08 hillumetrar. Lovísa Sigurbjörg Eymundsdóttir afhenti.

2019/7 Kári Jónasson. 0,03 hillumetrar. Hermann Hansson afhenti.

2019/8 Þorsteinn Geirsson (8.4.1926 - 24.10.2014) Reyðará í Lóni. 0,03 hillumetrar. Aðalheiður Hannesdóttir afhenti.

2019/9 Guðjón R. Sigurðsson (26.4.1903 - 2.3.1991) Fagurhólsmýri í Öræfum. Halldóra Oddsdóttir afhenti.

2019/10 Sigurður Ingimundarson. Hnappavöllum í Öræfum. 0,03 hillumetrar. Gísli Jónsson afhenti.

2019/11 Fræðslumálanefnd Nesjahrepps. 0,03 hillumetrar.

2019/12 J. Þuríður Jónsdóttir, (12.12.1925-) Fagurhólsmýri í Öræfum. 0,16 hillumetrar. Guðný A. Valberg afhenti.

2019/13 Ragnhildur Guðmundsdóttir, Höfn. 0,06 hillumetrar. Ragnhildur Guðmundsdóttir afhenti.

2019/14 Djassfélag Hornafjarðar, Höfn. 0,03 hillumetrar. Menningarmiðstöð Hornafjarðar afhenti.



Bókasafn Austur- Skaftafellssýslu



Starfsemi

Bókasafn Austur- Skaftafellssýslu starfar í samræmi við lög um almenningubókasöfn (nr. 36/1997) og gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Hlutverk þess er að jafna aðgang íbúa og gesta sveitarfélagsins að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu. Þjónusta safnsins nær til allra án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu.

Bókasafnið er skólabókasafn Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og vinnur með skólabókasöfnum Grunnskóla Hornafjarðar.

Árið 2017 voru liðin 180 ár frá stofnun elsta bókasafns í Austur-Skaftafellssýslu. Það hét Austur-Skaftafellssýslu lestrarfélag og var stofnað af séra Þórarni Erlendssyni í Bjarnanesi og fleiri prestum árið 1837. Þetta gamla lestrarfélag, sem jafnframt er fyrsta félag sem sögur fara af í Austur-Skaftafellssýslu hafði að markmiði að útvega bækur fyrir félagsmenn sína, aðallega presta, og virðist aðeins hafa starfað til ársins 1844. Til eru gerðarbók og samþykktir félagsins og virðist að það hafi verið með fyrstu lestrarfélögum á landinu.



Sýningar og samkomur

Þetta vilja börnin sjá

Sett var upp sýningin *Þetta vilja börnin sjá* sem er farandsýning og var fengin að láni frá Gerðubergi og vakti hún mikla lukku meðal gesta Bókasafnsins. Á sýningunni gefur að líta myndskreytingar íslenskra myndlistarmanna við barnabækur sem komu út á árinu 2018, ásamt bókunum sjálfum. Myndir sýnenda eru eins fjölbreyttar og þær eru margar. Þarfir barna eru sérstaklega hafðar í huga við uppsetningu sýningarinnar, enda ljóst að viðfangsefni hennar er ætlað börnum frá byrjun.

Sýnendur voru:

- Anna Lísá Björnsdóttir
- Arnór Kárasón
- Bergrún Íris Sævarsdóttir
- Bergrún Íris Sævarsdóttir
- Elsa Nielsen
- Freydís Kristjánsdóttir
- Hafsteinn Hafsteinsson
- Heiða Rafnsdóttir
- Heiða Björk Norðfjörð
- Ingi Jensson
- Kristín Ragna Gunnarsdóttir
- Laufey Jónsdóttir
- Anna Margrét Björnsson
- Linda Ólafsdóttir
- Martine Jaspers-Versluijs
- Rán Flygenring
- Ryoko Tamura
- Sigmundur B. Þorgeirsson
- Sigrún Eldjárn
- Svafa Björg Einarsdóttir
- Þórarinn Már Baldursson



Ljósni: EH/E

Lestarrhestur Menningarmiðstövarinnar 2019

28. ágúst lauk sumarlestri Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og haldi var upp á það með hátíðlegum hætti á Bókasafninu. Var Svanborgu Rós Jónsdóttur veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi dugnað í lestri árið 2019. Svo sannarlega má segja að Svanborg Rós sé einstaklega duglegur lestrahestur Svanborg las 100 bækur yfir sumarið og var vel að viðurkenningunni komin.

Lestur er bestur.



Ljósni: EH/E



Rithöfundakvöld

20. nóvember var haldið rithöfundakvöld Menningarmiðstöðvarinnar og var það vel sótt og vel heppnað. Rithöfundarnir Þórdís Púfa Björnsdóttir, Vilborg Davíðsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Hermann Stefánsson, Arngrímur Vídalín og Guðjón Friðriksson lásu upp úr bókum sínum og var fundarstjóri viðburðarins Soffía Auður Birgisdóttir.



Ljósm:GM

Bókalestur í barnahorni

Fyrir jólin var börnum á mið- og eldri deildum leikskólans Sjónarhóll boðið í bókalestur og föndur á Mennigarmiðstöðinni. Þar tók starfsmaður á móti börnunum og las jólasögur fyrir börnin einnig var krökkunum boðið í jólaföndur. Mikil ánægja var með viðburðinn og börnin ánægð með skemmtunina.

Verkefni

Samræmig strikamerkja

Áfram var unnið að samræmingu strikamerkja. Þetta verkefni er stórt og er búið að taka þónokkurn tíma að vinna en hægt og rólega vinnst verkið.

Lifandi bókasafn / human library

þar

var gestum boðið að heimsækja Lifandi bókasafn, þar eru bækurnar lifandi fólk sem segir sögu sína og svarar spurningum gesta safnsins.

Bókakostur

Bókavörður bætti í teiknimyndasögukost, bæði fyrir börn og unglinga en einnig nokkrum titlum fyrir alla aldurshópa. Einnig var unnið í að bæta pólskan safnkost.

Bókavagninn

Áfram var boðið upp á afskrifaðar bækur til kaups, og annað efni; vínýlplötur og tímarit gefins á sértílgörðum vagni.

Föndur og gamlar teiknimyndir

Um helgar yfir jólatímann var sjónvarpi og vhs tæki stillt upp á föndurborði og börnum stóð til boða að horfa á teiknimyndir.

Uppstyllingar

Uppstillingar á afgreiðsluborði miðuðu gjarna að því að kynna ný tímarit, nýtt efni á DVD en einnig bauð bókavörður upp á Ljóðabók vikunnar.

Miðlun

Bókavörður kynnti nýjar bækur á Facebooksíðu Menningarmiðstöðvar og birti jafnframt bókagagnrýni og aðra umræðu á sama miðli. Uppfært var reglulega á heimasíðu MMH og settar inn fréttir af viðburðum og upptökum. Meðal vinsælli bóka má telja Stúlkuna hjá Brúnni eftir Arnald Indriðason og Brúðuna eftir Yrsu Sigurðardóttur

Afskráningar

Í ár voru nýskráðar bækur 856 bækur og afskráðar 1914.



Geymsla

Geymslu var breytt í vinnuherbergi og samhliða því farið í gegnum uppsafnaðan gjafakost og honum annað hvort komið fyrir á safninu eða komið fyrir á söluvagni. Gengið var frá VHS kosti og rýmið nýtt undir bækur frá Bókasafni móðurmáls. Geisladiskakostur var fjarlægður og hilluplássið notað undir Rauðu seríuna. Dvd kostur var grisjaður en nokkrar nýjar myndir keyptar inn.

Barnadeild

Bókavörður yfirfór sérstaklega sígildan myndasögukost, Tinna, Lukku Láka, Viggó viðutan og Sval og félagar – kallaði eftir bókum í

vanskilum, gerði við illa farnar bækur en fargaði ef ekki mátti bjarga. Í framhaldi af því voru pantaðar endurútgáfur af téðum bókum.

Keypt voru ný leikföng og bætt við litabókum á ensku og pólsku. Barnahorni var viðhaldið og inn keyptar litabækur, litir og dót.

Aðsókn var mikil í barnahornið og mikið um að fjölskyldur kæmu saman og nutu tímas sama á safninu.



Ljósm: EH/Æ



Lokaorð

Menningarmiðstöð hefur á liðnu ári fært út kvíarnar og opnað þrjú ný sýningarými, í Gömlubúð í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð, á Nýrtorgi í Nýheimum og Vegginn í bókasafni Menningarmiðstöðvarinnar. Ásókn í að fá úthlutað plássi til sýninga hefur aukist hægt og rólega og eru sýningarnar að vekja eftirtekt og ánægju. Áfram er stefnt að auka rými til sýninga og vonandi með tímanum verður Menningarmiðstöðinni tryggð örugg sýningaraðstaða sem heldur utan um alla starfsemi stofnunarinnar. Álaleiran er verkefni sem þaf að klára sem fyrst til að tryggja öryggi aðfanga stofnunarinnar. Barnastarfið og smiðjur Menningarmiðstöðvarinnar vöktu mikla gleði sem endranær og verður þeim haldið áfram á komandii ári. Skráning hefur gengið vel hjá stofnunninni. Ný vefsíða leit dagsins ljós á árinu og er unnið reglulega að því að miðla efni þar inn. Fjölmargar sýningar voru settar upp í ár og var vandað til verka sem endranær, enda vekja þær alltaf eftirtekt og gleði. Menningarmiðstöðin vann að samstarfsverkefnum og voru þau þó nokkur, heppnuðust þau vel og voru vel sótt. Öryggisskýrsla Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar leit dagsins ljós og ýmsar stefnur voru endurskoðaðar og mótaðar. Hefur starfsemin gegnið vel og gengur starfsfólk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar sátt frá síðastliðnu ári og stefnir á að eiga gott nýtt ár 2020.



Viðauki I

Móttökuáætlun





Móttaka nýrra starfsmanna

Verklagsreglur þessar eru til að tryggja vönduð vinnubrögð við móttöku nýrra starfsmanna og til að auðvelda nýjum starfsmanni aðlögun að nýju starfi og farsælum starfsferli hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Verklag þetta sem lýst er í reglunum ber að viðhafa í hvert sinn sem nýr starfsmaður kemur til starfa hjá stofnunni.

Launafulltrúi:

- Senda tilkynningu um nýjan starfsmann til launafulltrúa ásamt drögum að ráðningarsamningi og viðeigandi gögnum.
- Vinna mat á launakjörum nýs starfsmanns í samráði við launafulltrúa.

Starfsaðstaða:

- Uppsetning tölvu með viðeigandi forritum ef við á.
- Sjá um tengingu síma.
- Annar búnaður.

Tölvuþjónusta:

- Stofna notanda með netfang.
- Veita nýjum starfsmanni aðgang að vinnusvæði fyrirrennara í samráði við hann eftir því sem við á.

Skjalastjórn:

- Kynna verklag og reglur um skjalavörslu eftir því sem við á.
- Kynna staðsetningu skjala, gagna og eða búnaðar.

Bókhald:

- Kynna verklag og reglur um bókhald eftir því sem við á.
- Kynna verklag við skil á gögnum.

Vefstjóri:

Breyta upplýsingum um viðkomandi starf, stofnun og deild, á vef sveitarfélagsins.

Annað:

- Þjálfun. Velja samstarfsmann sem leiðbeinir og styður nýjan starfsmann félagslega fyrstu 2-3 mánuði í starfi.
- Tilkynna væntanlegu samstarfsfólki um komu hins nýja starfsmanns.



Kynna:

- Starfslýsingu hafi það ekki verið gert í ráðningarferlinu.
- Starfsmannastefnu og reglur hennar.
- Starfsmannahandbók/stjórnendahandbók.
- Vinnutíma fyrirkomulag og fyrirkomulag á greiðslu launa.
- Starfsmenn á þeirri deild/stofnun sem hann mun starfa á og setja hann inn í siði og venjur vinnustaðarins.
- Reglur um akstur á eigin bíl, ferðakostnað og greiðslur, dagpeninga innanlands og utan.
- Skipulag og stefnu stofnunar fyrirtækis og deildar.
- Nýjan starfsmann, einkum stjórnendur, fyrir öðrum stjórnendum og starfsfólki sem kemur til með að vera í samskiptum við nýja starfsmanninn vegna stoðþjónustu við starfið.

Fara yfir :

- Reglur og stefnur Stofnunarinnar.
- Áætlanir er starfið varðar eftir því sem við á.
- Verklagsreglur eftir því sem við á.
- Símenntunaráætlun stofnunnar.
- Vef stofnunarinnar, hlutverk og stefnu.
- Skipurit og stjórnskipulag.
- Öryggishandbók.
- Viðverustefnu



Viðauki II
Niðurstöður Íbúafundar





Íbúafundur - Framtíð Miklagarðs 8. maí 2019

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri, setti fundinn og bauð gesti velkomna.

Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, ávarpaði samkomuna og fór yfir sögu Miklagarðs og þær skýrslur sem ritaðar hafa verið um framtíð Miklagarðs. Í maí 1919 var Þórhalli Daníelssyni kaupmanni úthlutað 1.090 fermetra lóð á Heppunni. Þegar vetrarvertíð hófst 1920 var búið að reisa þar stórhýsi með sex verbúðum, söltunarplássi og beitingaraðstöðu. Húsinu var gefið nafnið Mikligarður. Á árunum 1920-1925 hélt Þórhallur áfram uppbyggingu á Heppunni.

Á árunum 1925-1945 má ætla að um 300 manns hafi dvalið í verstöðvunum á Höfn og í eyjunum í kring. Lætur nærri að íbúatala Hafnar hafi tvö- til þrefaldast á vetrarvertíðum.

Mikligarður hefur þjónað veigamiklu hlutverki í menningar- og atvinnusögulegu samhengi hvað varðar byggðarþróun og mótun samfélagsins hér á Höfn, ef ekki öllu héraðinu. Mikligarður er órjúfanlegur hluti af sögu Hafnar. Þessi bygging hefur að geyma sögu byggðar og samfélags í mótun sem skila þarf til komandi kynslóða með sóma.

Árni Kjartansson tók næstur til máls og fór yfir kostnað við uppbyggingu Miklagarðs. Ræddi hann um gömlu tímana og minningar um Miklagarð. Árni fór yfir skýrslu og greinagerðina *Hafnarvík – Heppa*. Rætt var um brunavarnir, lagnir og ástand hússins. Einnig fór hann yfir möguleika og kostnað við hækkun hússins eða lækun gólfs. Ennfremur kom fram að búið væri að dreina við húsið og skipta um framhlið þess. Ljóst þótti að húsið liggur ekki undir skemmdum en burðabitar eru margir skemmdir. Árni lagði áherslu á að laga þyrfti brunavarnir hússins sem fyrst og hvatti hann til að sett yrði upp sprinkkerkerfi. Í máli Árna kom fram skýr afstaða hans gagnvart því hvort hækka eigi upp húsið eða ekki. Hann taldi hækkun á húsinu hafa neikvæð áhrif á ytra útlit hússins og mælti frekar með því að hluti gólfsins yrði brotið upp og lækkað. Einnig mælti hann með að inngangur inn á neðri hæð yrði afmarkaður með timbri sem líkir eftir bryggjukanti. Farið var yfir kostnaðaráætlun breytinganna og kostnaðarmun á mismunandi framkvæmdum





Þjóðfundur

Svot greining

Fundargestir unnu greiningarvinnu um styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri Miklagarðs og helstu niðurstöður voru:

Styrkur : Saga og staðsetning er helsti styrkur hússins.

- Það á að nýta húsið strax
- Styðja við ungt fólk
- Hafa húsið sem ódýrt húsnæði
- Grasrótastarfsemi í húsið
- Viðhalda mynd hússins eins og það er
- Einstaklingar skapa sín eigin rými
- Viðgerðir lækka leigu
- Stærð hússins býður upp á fjölbreytni
- Varðveita sjarmann
- Góð staðsetning
- Mikil saga
- Fallegt hús
- Rúmgott
- Jákvætt viðhorf til hússins
- Bæjarmynd
- Fjölpætt notkun
- Hægt að stækka og hækka
- Hólfun
- Verbúð
- Grófleiki

Veikleiki: Helsti veikleiki er ástand hússins.

- Brunavarnir
- Ekki hækka húsið.
- Húsið er friðað.
- Rafmagn í ólagi.
- Vatn ekki til staðar
- Frárennsli ekki til staðar.
- Kjallaragólf (hæð, halli og einangrun).
- Lágt til lofts.
- Ferðamannastraumur gæti minnkað.
- Mikill kostnaður við framkvæmdir.
- Stórt verkefni.
- Ástand hússins.



Tækifæri: Helstu tækifærin eru staðsetningin og möguleikar á skapandi framtíð.

- Rífa neta loftið og lengja Miklagarð.
- Staðsetning.
- Hólfun.
- Upprunalegt útlit.
- Hjarta bæjarins.
- Fjölbreytt starfsemi.
- Fjölbreyttur hópur kemur að endurbyggingu.
- Leiguíbúðir.
- Eflir nýsköpun.
- Framkvæmdir leigutaka.
- Leigja út í núverandi ástandi.
- Opna á milli hæða.
- Aðdráttarafl.
- Stolt bæjarins.
- Tenging við fortíð og nútíð.
- Aukin atvinnutækifæri.
- Nálægð við önnur eldri hús.
- Lífandi miðja.
- Nýr miðbær.
- Styrkir bæjarmyndina.
- Falleg uppbygging.
- Sagan.
- Miðstöð skapandi greina.
- Opna á milli hæða.

Ógnun: Helsta ógnunin er kostnaður við verkið og aðgerðaleysi.

- Of dýr framkvæmd.
- Of miklar breytingar.
- Skortur á eldvörnum.
- Veitingarekstur (eldvarnir, WC).
- Endurbætur án heildarsýnar.
- Að hækka húsið (gæti hægt á framkvæmdum).
- Ekki nota það sem safn.
- Aðgerðaleysi.
- Nálægð við vinnusvæði.
- Fæst ekki starfsemi í húsið sem stendur undir rekstrarkostnaði.
- Skiptar skoðanir um notkun og uppgerð.
- Þungaumferð á hafnarsvæði
- Biðtími.
- Breytingar á gerð hússins.
- Ekki geymslur eða dauð rými.
- Fæst ekki fjármagn til framkvæmda.
- Að hafa ekki góða framtíðarsýn á verkefnið.



Framtíðarskref:

- Taka þarf ákvörðun um framtíð Miklagarðs strax.
- Ákvörðun um að varðveita Miklagarð og skipa verkefnastjórn.
- Koma húsinu í starfhæft ástand og selja að hluta eða í heild.
- Ekki lyfta húsinu.
- Safnahús – þematengt.
- Fjölbreytt starfsemi- fjölnota líf inni og úti.
- Taka ákvörðun um Graðaloft.
- Miðla sögu.
- Safnahús eða fjölnotahús.
- Einka eða bæjarrekið.
- Góð lofthæð á báðum hæðum.
- Lækka gólf og lækka bryggju.
- Endurnýja rafmagn inn í húsið.
- Brunavarnir strax.
- Upprunaleg lengd hússins rífa netaloftið.
- Setja WC aðstöðu.
- Hluti hússins opnaður á milli hæða.
- Kolageymslugangur.
- Salerni.
- Gera bíslag fyrir hvert bil og sér forstofu inn í hvert bil.
- Rífa Graðaloftið og hafa þá lóð í sömu mynd og Mikligarður.
- .

Safnahús/ jökulheimar

- Miðlun á sögu Hornafjarðar.
- Þema – jökull, hafið.
- Ein heild.

Fjölnotahús:

- Mörg rými en kjarni í miðjunni.
- Opið rými, WC.
- Fjölbreytt starfsemi.
- Líf úti og inni.
- Miðlun sögu.
- Leiga á raunhæfu verði.
- Veitingarekstur.

Leiguhúnsæði:

- Fjölbreytt notkun.
- Lámarks viðgerðir.
- Leigutaki lagar sitt bil.

**Farmtíð:**

Húsið er nýtt í eitthvað sem tengist sögu bæjarins einnig fyrir fjölbreytta starfsemi og að verbúðinni verði haldið við.

Safnahús/ jökulheimar: Húsið er notað til miðlunar á sögu Hornafjarðar með áherslu á jökulinn og sjóinn og húsið væri ein heild í rekstri sveitarfélagsins. Miðla þarf sögu Miklagarðs.

Fjölnotahús: Mörg rými en kjarni í miðjunni með opið rými, þar væri salerni fyrir gesti og aðstaða til að koma saman. Í húsinu væri fjölbreytt starfsemi með miðlun á sögu og leigu á raunhæfu verði ásamt handverks og veitingasölu.

Leiguhúsnæði: Leigutakar standa undir kostnaði sjálfir og fá afslátt af leigu að ákveðnu marki upp í kostnað. Sveitarfélagið leggi rafmagn og vatn að húsinu ásamt frárennsli svo leigi sveitarfélagið bilin út til leigutaka.

Framkvæmd:

Þegar litið er yfir vinnu fundarins má sjá að áhersla er sett á að hækka ekki húsið, að húsið eigi að haldi sinni upprunalegu mynd, umhverfið verði snyrtilegt og að húsið fái samþykka lofthæð á báðum hæðum.

Skipa þarf verkefnastjórn um uppbyggingu Miklagarðs

Koma þarf húsinu í nothæft ástand. Ákveða þarf hvaða stefnu skal taka til framtíðar. Á að selja að hluta eða allt húsið, einka- eða bæjarreka, hvaða þema á að vera í húsinu á það að vera safnahús eða með fjölbreyttri starfsemi? Taka þarf ákvörðun um hvort rífa eigi Graðaloft eða ekki.

Næstu skref:

- Taka þarf ákvörðun um framtíð Miklagarðs af bæjarstjórn.
- Eldvarnarkerfi.
- Taka þarf ákvörðun um endurbyggingu.
- Rekstraraðilar.



Viðauki III

Umfjöllun á starfsemi





<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/menningin/25788?ep=89ha4s&fbclid=IwAR0Ta1OtrNlaWVvOjqRVh8FRvKqfdQRzJmwUuUBNK7qP5o3LYf8Kyt-V-gA>

Rætt var um sýninguna ferð til eldjöklanna í menningunni.

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/tiufrettir/25206?ep=88bf6q&fbclid=IwAR3s0ZDnQDcOVZe93XTHfQBCq6Bczmq8SPv3gOFC-8YC1meS8lHbqcd2PKg>

Svipmyndir af sýningunni "Tálgað undir Hömrum" á Rúv. Sýnt er frá sýningunni í beinu framhaldi af íþróttum 12:44.



Viðauki IV

Fjárhagur





Aðalsjóður

Fjárhagsáætlun 2019

		Rekstur		
LYKILL	TEXTI	Rekstur	Millifærsla	Samtals
MENNINGARMÁL				
MENNINGARMÁLANEFND				
0501	1610 Nefndarlaun	1.574.441		1.574.441
0501	1800 Launatengd gjöld	257.238		257.238
0501	4180 Bifreiðastyrkur	13.860		13.860
0501	9990 Annar kostnaður	100.000		100.000
	* MENNINGARMÁLANEFND	1.945.539		1.945.539
Menningarmiðstöð				
0531	0340 Leigutekjur			
0531	0510 Seldar vörur	-20.000		-20.000
0531	0511 Skafftellingur sala	-500.000		-500.000
0531	0550 Seld þjónusta	-1.200.000		-1.200.000
0531	0570 Afnotagjöld	-30.000		-30.000
0531	0860 Styrkir	-5.500.000		-5.500.000
0531	0890 Aðrar tekjur	-50.000		-50.000
0531	1110 Mánaðarlaun	39.008.803		39.008.803
0531	1800 Launatengd gjöld	9.470.668		9.470.668
0531	1960 Kaffistofa	200.000		200.000
0531	1980 Annar starfsmannakostnaður	100.000		100.000
0531	2030 Ritföng, bréfabindi og forvörslutengdar vörur	400.000		400.000
0531	2040 Ljósritunarpappír	50.000		50.000
0531	2070 Bækur á bókasafn	2.000.000		2.000.000
0531	2080 Tóner	50.000		50.000
0531	2180 Hreinlætisvörur	20.000		20.000
0531	2531 Endursöluvörur			
0531	4010 Prentun, fjolritun, ljósritun	300.000		300.000
0531	4020 Áskrift af netþjónustu	1.700.000		1.700.000
0531	4030 Sími	600.000		600.000
0531	4050 Burðagjöld	150.000		150.000
0531	4070 Auglýsingar	500.000		500.000
0531	4080 Skafftellingur prentun			
0531	4090 Styrkhæf verkefni	1.500.000		1.500.000
0531	4120 Akstur og flutningar	150.000		150.000
0531	4180 Bifreiðastyrkir	33.000		33.000
0531	4240 Fargjöld og dvalarkostnaður	500.000		500.000
0531	4270 Námskeið	300.000		300.000
0531	4340 Sérfræðiþjónusta	150.000		150.000
0531	4381 Fornleifar og forvarsla	170.000		170.000
0531	4390 Tölvuþjónusta	800.000		800.000
0531	4430 Reiknuð húsaleiga m.v. reglur bókhaldsn.		10.910.000	10.910.000
0531	4450 Vélavinna áhaldahús			
0531	4510 Rafmagnviti	1.350.000		1.350.000
0531	4620 Viðhald húsa			
0531	4660 Viðhald áhalda og tækja	200.000		200.000
0531	4700 Vátryggingar	250.000		250.000
0531	4720 Heilbrigðis og eftirlitsgjöld	50.000		50.000
0531	4780 Tryggingar á bílum			
0531	4960 Þvottur og hreinsun efna	80.000		80.000
0531	4990 Aðkeypt vinna og þjónusta	480.000		480.000
0531	6130 Daglaunavinna			
0531	6620 Þátttaka í rekstri Nýheima	2.600.000		2.600.000
0531	9990 Annar kostnaður	450.000		450.000
0531	8510 Áhöld, leiktæki og kennslutæki			



LYKILL	TEXTI	Rekstur	Millifærsla	Samtals
	* Menningarmiðstöð Sögunritun	56.312.471	10.910.000	67.222.471
0541	0520 Söluþekjur m. vsk * Sögunritun LISTIR OG SÝNINGAR			
0551	9250 Sýninga/Hólmur/skreiðarsk/Huldusteinn og fl * LISTIR OG SÝNINGAR HÁTÍÐAHÖLD	2.600.000 2.600.000		2.600.000 2.600.000
0570	4990 Aðkeypt þjónusta * HÁTÍÐAHÖLD LISTIR OG ÝMSIR STYRKIR	4.200.000 4.200.000		4.200.000 4.200.000
0581	9250 Styrkir til menningarmála * LISTIR OG ÝMSIR STYRKIR	2.600.000 2.600.000		2.600.000 2.600.000
5	MENNINGARMÁL	67.658.010	10.910.000	78.568.010



Viðauki V
Viðauki við samning





Viðauki við
samning milli
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga,
Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar/Hornafjarðasöfn
og Sveitarfélagsins Hornafjarðar





Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kt. 480775-0159, Menningarmiðstöð
Hornafjarðar/Hornafjarðasöfn kt. 550992-2489 og sveitarfélagið Hornafjörður kt. 590169-
4639 gera með sér svofelldan

viðauka við

samning sömu aðila frá 4. desember 2015

um Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Á grunni viðauka I í samningi um Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 sem undirritaður var 10. febrúar 2015 af mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og formanni SASS, leggja Samtök sunnlenskra sveitarfélaga Menningarmiðstöð Hornafjarðar árlega til kr. 3,6 milljónir árin 2015-2019.

Samkvæmt bréfi mennta og menningarmálaráðuneytisins dags. 11. febrúar 2019, sbr. tilv.: MMR 15030006/12.0, skal sá styrkur fyrir árið 2019 vera samtals 5,0 m.kr.

Samtals 4 m.kr. eða 80% greiðast á árinu 2019 og eftirstöðvar 1 m.kr. greiðast þegar mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur borist greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess.

Höfn/Selfossi, 22. febrúar 2019

f.h.

Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Bjarni Guðmundsson

f.h. Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Eyrim H. Eirisdóttir

f.h. sveitarfélags Hornafjarðar

Matthildur Ásm.



Vitundarvottar:

Sigríður G. Þórguðv. kt. 201158-2069

Alda Alfredsdóttir kt. 120456 5049

